

# 25 ára Barnaheill

Save the Children á Íslandi

2014




# Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# ÁGÆTI LESANDI



Nú hefur Blað Barnaheilla - Save the Children á Íslandi 2014 litið dagsins ljós. Efni þess verður tileinkað því fjölbreytta starfi og verkefnum sem samtökin hafa beitt sér fyrir á síðustu 25 árum ásamt verkefnum komandi missera.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem treysta á framlög einstaklinga og fyrirtækja auk styrkja frá hinu opinbera. Áður en lengra verður haldið eru öllum velunnurum færðar hinar bestu þakkir sem og verndara samtakanna, frú Vigdísi Finnbogadóttur, sem staðið hefur eins og klettur að baki samtökunum frá upphafi. Það er mikilvægt að velunnarar og styrkveitendur sjái af verkum Barnaheilla að fjármunum sé vel varið og í samræmi við lög og stefnu samtakanna.

Undanfarin ár hafa Barnaheill ekki einvörðungu sinnt innlendum verkefnum heldur einnig tekið þátt í menntunar- og heilbrigðisverkefnum á erlendri grundu í löndum þar sem neyð barna er mikil. Af innlendum vettvangi hafa Barnaheill átt afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf við önnur félagasamtök á Íslandi sem láta sig málefni barna varða. Án samvinnu og samstöðu væru hagsmunamál barna án efa skemmra á veg komin. Fræðsla og ráðgjöf, sem lýtur að réttindamálum, er tilgreind í Barnasáttmálanum og er langvarandi hluti af starfi Barnaheilla. Þar má nefna forvarnir, t.d. hvernig varast skuli hættur á netinu, vernd barna gegn kynferðisofbeldi m.a. á ferðamannastöðum, auk annars er varðar árangursríkt uppeldi s.s. tannhirðu, hreyfingu og mataræði. Barnaheill hafa lagt áherslu á að miðla upplýsingum og fræðslu með fjölbreyttum hætti til að ná til sem flestra.

Vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi er og verður eitt aðal áherslumál Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Einelti er ein birtingarmynd ofbeldis en einelti er félagslegt og sálfræðilegt vandamál þar sem yfirvöld, einstaklingar og samfélagið allt bera ábyrgð. Um leið og þroski leyfir er mikilvægt að ræða við börn um framkomu og hegðun, stríðni og einelti og kenna þeim að bera virðingu fyrir hvert öðru. Á komandi vetri munu Barnaheill innleiða í tilraunaskyni forvarnarverkefnið ***Fri for Mobberi*** eða ***Vináttuverkefni Barnaheilla***. Um þessar mundir er leitað styrkja til að innleiða megi verkefnið í hluta af fræðslu sem flestra leikskóla. Með Vináttuverkefninu er lagður sterkari grunnur að forvarnarvinnu gegn ofbeldi og annarri óæskilegri hegðun sem getur fylgt börnum til framtíðar.

Staða barna efnalítilla foreldra á Íslandi hefur verið mikið til umfjöllunar, sérstaklega í aðdraganda og kjölfar hrunsins. Á þessum erfiða tíma urðu margar fjölskyldur illa úti, ekki einvörðungu fjárhagslega heldur einnig félags- og sálfræðilega. Í nýrri skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla - Save the Children sem kom út í apríl kemur fram að um 12 þúsund börn eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun hér á landi. Í fjölmiðlum hér komu fram upplýsingar um afar slæmt ástand hjá mörgum börnum. Vissulega má segja að staða barna hér á landi sé góð í samanburði við stöðu barna t.d. í stríðshrjáðum löndum. Ísland er hvorki fátækt né stríðshrjáð ríki. Engu að síður er staðreynd að ekki hafa allir foreldrar efni á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji er til og eru talin nauðsynleg. Eitt af meginverkefnum Barnaheilla á komandi misserum er að huga sérstaklega að þessum málaflokki. Samtökin munu sem fyrr halda áfram að berjast ótrauð gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er. Hvað börn varðar er lykilatriði að hlusta á þau og gæta þess að hagsmunir þeirra séu ávallt hafðir í fyrirrúmi. Umfram allt skulu börn njóta vafans ef þau tjá sig um ofbeldi eða ef ábendingar berast um að brotið sé á þeim.

Bestu þakkir eru að lokum færðar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við gerð og útgáfu blaðs Barnaheilla 2014. Sérstakar þakkir eru færðar viðmælendum blaðsins, starfsmönnum Barnaheilla sem annast hafa alla vinnslu þess og öðrum sem með einum eða öðrum hætti áttu aðild að útgáfu þess.

Góðar stundir.

**Kolbrún Baldursdóttir,**
**formaður Barnaheilla- Save the Children á Íslandi**

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

## Efnisyfirlit


Við eigum afmæli . . . . . . . . . . . . . 4
Vinátta . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Hjólasöfnun Barnaheilla . . . . . . . . . . 10
Sárast að íslensk börn búi við fátækt . . . . 13
Barnafátækt er brot á mannrétttindum barna . . . . . . . . . . 15
Feluleikur fátæktargildrunnar . . . . . . . . 16
Íslenskur veruleiki . . . . . . . . . . . . 18
Af hverju fæ ég ekki? . . . . . . . . . . . 21
50 þúsund börn hlupu í Kapphlaupinu um lífið . . . . . . . . . . 23
Nemendur Hagaskóla styrkja Barnaheill um 1,1 milljón króna . . . . . . 25
Hjálpum sýrlenskum börnum . . . . . . . . 26
Það borgar sig að fjárfesta í mæðrum sem búa við erfiðar aðstæður . . . . . . . 28
Stiklað á stóru í sögu Barnaheilla . . . . . . . . . . . . . 30
Við erum Barnaheill . . . . . . . . . . . . 33
Mikil grimmd og tillitsleysi á netinu . . . . . 36
Við flytjum . . . . . . . . . . . . . . . . 38
Það þarf þjóð til að vernda barn á netinu . . . . . . . . . . . . 39
Sex tourism . . . . . . . . . . . . . . . . 41
Dagur barnsins . . . . . . . . . . . . . . 43
Vantar frjálsan tíma hjá mörgum börnum . 45
Áheit runnu til Barnaheilla . . . . . . . . . 48
Jólapeysan er nýtt fjáröflunarátak . . . . . . 50



**Blað Barnaheilla - Ársrit maí 2014**
Útgefandi: Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Ritstjóri: Sigríður Guðlaugsdóttir
Ábyrgðarmaður: Erna Reynisdóttir
Forsíðumynd: Gassi
Fyrirsætur á forsíðumynd: Rakel Sif, Helga Sóley, Stefán, Ibrahim Kolbeinn, Jökull, Katrín Lára og Kolbrún Anna í forgrunni.
Myndir á innsíðum: Barnaheill - Save the Children
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir
Prentvinnsla: Litróf – umhverfisvæn prentsmiðja
ISSN 1021-7134

# VIÐ EIGUM AFMÆLI

Hinn 24. október næstkomandi verða Barnaheill - Save the Children á Íslandi 25 ára. Það var á sumarmánuðum árið 1988 sem fagfólk á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans ákvað að tímabært væri að stofna til félagsskapar sem hefði að meginmarkmiði að auka rétt barna í samfélaginu. Samtökin ***Rädda barnen*** í Svíþjóð voru höfð til fyrirmyndar við skipulag samtakanna. Frú Vigdís Finnbogadóttir, þá forseti Íslands, var virkur þátttakandi í undirbúningsstarfinu. Rúmu ári síðar, hinn 24. október 1989 var stofnfundur félagsins haldinn og var Vigdís skráð sem stofnfélagi númer eitt. Síðar gerðist hún opinber verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Margt hefur áunnist í réttindamálum barna hér á landi á þessum árum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið leiðarljós samtakanna frá upphafi en áhersla var strax lögð á að fá hann lögfestan hér á landi. Barnasáttmálinn var undirritaður á Alþingi árið 1990 og staðfestur fyrir Íslands hönd 28. október 1992. Hinn 20. febrúar 2013 var lögfesting sáttmálans samþykkt á Alþingi. Í lögfestingu felst að hægt er að beita ákvæðum sáttmálans fyrir dómstólum sem settum lögum og því er um mikla réttarbót að ræða fyrir íslensk börn.

Undirbúningsvinna er nú hafin að dagskrá í tilefni afmælisins í haust. Á afmælisdaginn verður boðið til samveru og árunum tuttugu og fimm fagnað. Við vonum að sem flestir félagsmenn og þeir sem hafa starfað fyrir samtökin sjái sér fært að koma og fagna þessum áfanga með okkur sem nú störfum fyrir samtökin.

Á tímamótum sem þessum er holt að líta um öxl og fara yfir hvaða áhrif samtök okkar hafa haft á íslenskt samfélag. Ekki er síður mikilvægt að horfa fram á veginn og leggja línurnar með hvaða hætti vinnu okkar er best varið í þágu barna. Börn þurfa sterkan málsvara sem talar þeirra máli og stendur vörð um réttindi þeirra, velferð og öryggi. Ég óska öllum börnum landsins til hamingju með að eiga slíkan málsvara. Barnaheill - Save the Children á Íslandi munu ótrauð halda áfram að vinna í þágu barna um ókomin ár eins og samtökin hafa gert síðasta aldarfjórðung.

**Erna Reynisdóttir**



***Til hamingju með afmælið.***

*Það þarf þjóð*
*til að vernda barn*





Windi®

# Einföld lausn á erfiðum vanda

**Windi lækningatækið hjálpar ungabörnum að losna við loft og vinnur þannig gegn ungbarnakveisu, uppþembu, vindverkjum og hægðatregðu.**

Windi er holur plastventill með rúnuðum legg sem notast á svipaðan hátt og endaþarmshitamælir. Á ventlinum er brún sem stjórnar því hve langt leggurinn fer inn. Því er engin hætta á að Windi skaði barnið eða valdi því óþægindum.

Aðferðin hefur lengi verið þekkt innan heilbrigðisgeirans en Windi er fyrsta tækið sem er hannað fyrir foreldra til notkunar heima við.




**Sænska ungbarnaeftirlitið mælir með Windi.**

Þegar dóttir okkar fór að borða fasta fæðu fékk hún oft hægðatregðu og vindverki. Maðurinn minn frétti af Windi í vinnunni og okkur fannst tilvalið að slá til og prufa.

Árangurinn var góður og kom mjög fljótlega í ljós, enda losaði tækið einfaldlega um loftið. Windi er einfalt og þægilegt í notkun og vel þess virði að mæla með við svona vandamálum.

Ester Ösp Guðjónsdóttir

**Fleiri ummæli frá foreldrum:**

„Sá litli svaf almennilega í fyrsta skipti í lífi sínu"
„Sonur okkar var orðinn vær eftir aðeins tvo daga"
„Við vorum búin að prófa allt, og þá meina ég allt"
„Maður sá greinilega léttinn á andlitinu á henni"

**Nánari upplýsingar á www.portfarma.is**

**Fæst í apótekum**




# VINÁTTA

## *umhyggja – virðing umburðarlyndi – hugrekki*

Í febrúar síðastliðnum undirrituðu Barnaheill - Save the Children á Íslandi samstarfsamning við við Mary Fonden og systrasamtökin Red barnet - Save the Children í Danmörku um notkun námsefnisins ***Fri for mobberi*** sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Hér á landi ber efnið nafnið ***Vinátta***, en það hefur skírskotun til þeirra gilda sem verkefnið byggist á en þau eru: Umhyggja, virðing, umburðarlyndi og hugrekki. Fyrst um sinn munu Barnaheill þýða, staðfæra og framleiða það efni sem ætlað er börnum á leikskólum en þangað á einelti oft rætur að rekja þó að það sé algengast á miðstigi grunnskóla. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti og vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.




*Á myndinni eru Lars Stilling Netteberg frá Save the Children í Danmörku og Lone Bak Nielsen frá Mary Fonden í Danmörku ásamt þeim Kolbrúnu Baldursdóttur, formanni Barnaheilla, Margréti Júlíu Rafnsdóttur, verkefnastjóra og Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla.*

Fri for mobberi hefur reynst mjög einfalt/hagkvæmt í notkun. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni og kennsluleiðbeiningar fyrir starfsfólk auk efnis til að nota með foreldrum. Starfsfólk fær fræðslu og þjálfun til að nota efnið. Hægt er að flétta vinnu með Fri for mobberi inn í flesta vinnu og námssvið leikskólans þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum svo sem hlustun, umræðum, tjáningu í leik, tónlist og hreyfingu úti sem inni. Fri for mobberi er nú þegar notað á Grænlandi og í Eistlandi auk Danmerkur. Jafnframt hafa fjölmörg önnur ríki sýnt því áhuga. Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og rannsóknir í Danmörku leiða í ljós mjög góðan árangur af notkun þess. Barnaheill gera ráð fyrir samstarfi við háskóla á Íslandi um rannsóknir á árangri af notkun efnisins hér á landi. Samtökin hafa kynnt efnið fulltrúum nokkurra sveitarfélaga, fulltrúum í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, leikskólakennurum og háskólasamfélaginu. Það er samdóma álit allra þeirra, sem hafa fengið kynningu á efninu, að mikil þörf sé á slíku efni í íslensku skólakerfi.

Sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum taka þátt í tilraunavinnu með verkefnið veturinn 2014-2015. Þeir eru leikskólarnir Kirkjuból í Garðabæ, Álfaheiði í Kópavogi, Vesturkot í Hafnarfirði, Leikskóli Seltjarnarness, Hlíð í Mosfellsbæ og Ugluklettur í Borgarbyggð.

Haustið 2015 mun fleiri leikskólum standa til boða að taka þátt í verkefninu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna nú að því að afla fjár til að geta staðið straum að framleiðslu og dreifingu efnisins svo að öll leikskólabörn hér á landi geti notið góðs af í framtíðinni.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**


Döðlur.
Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND



*Starfsfólk Kastljóssins veitti verðlaununum viðurkenningu ásamt þeim Ernu Agnarsdóttur og Maríu Haraldsdóttur, sem mynduðu viðtal við barnaníðing með falinni myndavél. Frá vinstri: Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla, Erna Ragnarsdóttir, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Egill Eðvarðsson, Birta Sigmundsdóttir, María Haraldsdóttir, Helgi Seljan, Benedikt Ketilsson, Margrét Erla Maack, Sigmar Guðmundsson, Salóme Þorkelsdóttir og Erna Reynisdóttir, framkvæmda-stjóri Barnaheilla.*

# KASTLJÓS HLAUT VIÐURKENNINGU FYRIR SÉRSTAKT FRAMLAG Í ÞÁGU BARNA

Sjónvarpsþátturinn Kastljós á RUV hlaut Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2013 sem afhent voru í Þjóðmenningarhúsinu 20. nóvember. Kastljós hlaut viðurkenninguna fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Umfjöllun um kynferðisofbeldi gagnvart börnum þar sem varpað var ljósi á afleiðingar ofbeldisins á börn þótti afar vönduð og vel unnin.

Með umfjöllun sinni lagði Kastljósið lóð á vogarskálar baráttunnar gegn kynferðisglæpum gagnvart börnum og vakti upp umræðu í samfélaginu. Vönduð umræða skilar árangri með margs konar hætti og getur haft áhrif til lengri tíma. Vitundarvakning um málefnið er ein öflugasta forvörn sem völ er á.

Barnaheill veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn er leiðarljós í öllu starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Gunnar Hansson, leikari, fluttu ávarp auk þess sem Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóssins ávarpaði gesti. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna stýrði athöfninni.



*Gunnar Hansson, leikari, var einn þeirra sem varpaði ljósi á mál barnaníðings í umfjöllun Kastljóssins.*



*Óskar Magnússon, gítarnemi í Nýja tónlistarskólanum og Finnur Marteinn Sigurðsson, gítarnemi í Tónlistarskóla Garðabæjar, voru með tónlistaratriði.*

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

## EFTIRTALDIR HAFA HLOTIÐ VIÐURKENNINGU BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI:

| | |
|---|---|
| 2013 | Kastljós |
| 2012 | Jafningjafræðslan |
| 2011 | Herdís L. Storgaard |
| 2010 | Þórunn Ólý Óskarsdóttir |
| 2009 | Ágúst Ólafur Ágústsson |
| 2008 | Blátt áfram |
| 2007 | Guðný Halldórsdóttir, Ragnar Bragason, Bergsteinn Björgúlfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon |
| 2006 | Anh-Dao Tran |
| 2005 | Ólafur Ó. Guðmundsson |
| 2004 | Velferðarsjóður barna á Íslandi |
| 2003 | Kvenfélagið Hringurinn |
| 2002 | Barnahús |








*Nemendur í 4. bekk Langholtsskóla og Skoppa og Skrýtla lögðu sitt af mörkum með því að gefa hjól í söfnunina á endurvinnslustöð Hringrásar.*

# HJÓLASÖFNUN BARNAHEILLA

*Hjólasöfnun Barnaheilla fer nú fram þriðja árið í röð. Samstarfsaðilar eru Æskan - Barnahreyfing IOGT og Íslenski fjallahjólaklúbburinn. Verkefnið er unnið í samvinnu við endurvinnslustöðvar og félagsþjónustuna.*

Á síðasta ári söfnuðust alls 670 hjól, mun fleiri en árið á undan þegar tæplega 500 hjól bárust í söfnunina. Einungis um helmingur hjólanna var nothæfur en hinn helmingurinn nýttist í varahluti.

Rúmlega 150 börn nutu á síðasta ári góðs af söfnuninni og fengu afhent hjól sem sótt var um fyrir þau hjá félagsþjónustunni eða Mæðrastyrksnefnd.

Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp en hjól sem gengu af voru seld á sanngjörnu verði.

„Fjöldi hjólanna sem safnaðist sýnir vel gjafmildi Íslendinga og okkur fannst mikilvægt að koma þeim hjólum sem gengu af í umferð svo að þau gætu gagnast fleiri börnum," segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Starfsfólk GlaxoSmithKline bauð fram krafta sína við hjólasöluna. Fyrirtækið hefur tekið höndum saman með Save the Children til að koma í veg fyrir dauða milljón barna undir fimm ára aldri á næstu fjórum árum.







*Rikarður Róbertsson og Hlíf Georgsdóttir frá GSK lögðu starfsfólki Barnaheilla lið í hjólasölunni. Hér eru þau ásamt Margréti Júlíu Rafnsdóttur og Sigríði Guðlaugsdóttur við undirbúning veitinga í blíðskaparveðri daginn sem hjólasalan fór fram.*

Sjóðheit máltíð á aðeins

1.190 kr.

2 bitar, franskar og gos




# Klassískir og svooo góðir



Kjúklingabitarnir sem Sanders ofursti fullkomnaði árið 1940 og komu KFC á kortið. Klassískir og standa alltaf fyrir sínu.

Kryddaðir með 11 mismunandi kryddum og jurtum og steiktir til gullinnar fullkomnunar. Óviðjafnanleg blanda!

Láttu það eftir bragðlaukunum að rifja upp bragðið sem heimsbyggðin fær ekki nóg af – kynslóð fram af kynslóð.

svooogott™

WWW.KFC.IS







- **Verndar og græðir** þurra og viðkvæma húð
- Ceridal fitukrem inniheldur **100%** fituefni og olíu
- Ceridal fitukrem **er án** litar- og ilmefna, parabena og annarra rotvarnarefna
- **Minni hætta** á ofnæmisviðbrögðum

gsk GlaxoSmithKline



# SÁRAST AÐ ÍSLENSK BÖRN BÚI VIÐ FÁTÆKT

**Viðtal: Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Ljósmynd: Geir Ólafsson**

Vigdís Finnbogadóttir er verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og stofnfélagi númer eitt. Á þeim aldarfjórðungi, sem liðinn er frá stofnun samtakanna, hefur ýmislegt áunnist í mannréttindabaráttu barna, bæði hér á landi og á alþjóðavísu. Vigdísi hefur þó ávallt fundist mikilvægt að vinna að málefnum barna hér á landi.

„Auðvitað eigum við líka að hugsa til barna sem eiga erfitt úti í heimi og ég styð fjölda barna þar. En mér er mjög umhugað um að sinna börnum sem eiga framtíð hér heima. Að þau fái alúð og atlæti til að vaxa upp sem góðir og gildir þjóðfélagsþegnar sem muna góða æsku."

Vigdís telur að aldrei sé ofgert hvað varðar mannréttindi barna. Miklu frekar þurfi að horfast í augu við að ýmislegt sé vangert og hafi ekki náðst fram.

„Eins og til dæmis að enn skuli vera til börn sem búi við fátækt á Íslandi. Sú staða er uppi miklu víðar en okkur grunar. Þjóðfélagið hefur ekki haft tök á að skapa þá stöðu að öll börn fái jöfn tækifæri, til dæmis til námskeiða eða leikja og geti þannig notið bernskunnar. Og sárast finnst mér þegar einstæðir foreldrar berjast með börn sem fá ekki að njóta sín vegna bágs efnahags."

Málefni innflytjenda eru Vigdísi einnig hugleikin nú þegar þjóðfélagið er fjölmennara og fleiri börn af erlendum uppruna.

„Það þarf að sinna þessum börnum mjög vel og fylgjast með hvernig þeim reiðir af. Það er afar mikilvægt að þau, sem tala erlend tungumál, fái hjálp með tungumálið okkar því annars geta þau orðið afskipt. Félagsleg einangrun er eitthvað sem þarf að gæta sérstaklega að. Þetta er framtíðarmál fyrir okkur."

Vigdís er fyrsti og eini talsmaður tungumála á heimsvísu í hlutverki sínu sem velgjörðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna í tungumálun. Hún vill veg íslenskrar tungu sem mestan. Nafn samtakanna, Barnaheill, er komið úr smiðju hennar, Höllu Þorbjörnsdóttur og Ernu Þorleifsdóttur. Hún segist hafa verið lengi að velta því fyrir sér í tengslum við nafn alþjóðasamtakanna Save the Children. Þýðingin, Björgum börnunum, hafi ekki gengið, því að orðið björgun hafi aðra merkingu á íslensku; að bjarga einhverjum frá vá.

„Ég var lengi að velta þessu fyrir mér því að það er ekki hægt að segja að bjarga börnunum. Nafnið Barnaheill nær hins vegar bæði yfir hamingju og heill og tekur þannig vel utan um það sem skiptir mestu máli í lífi barna."

# FÁTÆKT

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Fátæktin er erfið, því hún stelur vonum og draumum.

*12 ára drengur á höfuðborgarsvæðinu*

**Færni til framtíðar**

Færni til framtíðar er handbók um örvun hreyfifærni barna úti í nánast umhverfi. Bókin á erindi við alla sem hafa áhuga á því að efla hreyfingu og hreyfifærni barna og nýta til þess náttúruna okkar.

Bókin fæst í verslunum Eymundsson og hjá höfundi í síma 898-2279 eða á netfanginu sabinast@simnet.is



# BARNAFÁTÆKT ER BROT Á MANN-RÉTTTINDUM BARNA




Tæplega 27 milljónir barna í Evrópu eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun, ójöfnuður hefur aukist og barnafátækt er veruleiki í öllum ríkjum Evrópu, einnig í hinum norrænu velferðarríkjum. Þetta eru niðurstöður nýrrar skýrslu sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi kynntu í Austurbæjarskóla þann 15. apríl 2014. Skýrslan er samstarfsverkefni Save the Children samtakanna í Evrópu um fátækt barna í álfunni og tekur til hinna 28 landa Evrópusambandsins auk Íslands, Noregs og Sviss.
Í skýrslunni kemur fram að ójöfnuður er meginástæða fátæktar og félagslegrar einangrunar. Bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist í mörgum ríkjum, niðurskurður verið á þjónustu við börn, einnig í hinum norrænu velferðarríkjum og ríkjum sem geta státað af efnahagsvexti undanfarin ár. Þar hafa börnin ekki fengið hlutdeild í þeim vexti. Á árunum 2008-2012 jókst fátækt á meðal barna í Evrópu úr 26,5% í 28%, eða um eina milljón barna. Þar af jókst fjöldi fátækra barna um 500.000 á tímabilinu 2011-2012.

Á Íslandi jókst hættan á fátækt og félagslegri einangrun barna um 2,8% frá 2008 – 2012 og eru um 16% barna á Íslandi talin í þessum hópi. Þó að staðan á Íslandi sé ágæt að mörgu leyti hefur fátækt og ójöfnuður barna á Íslandi aukist frá hruni. Mörg börn búa við óviðunandi aðstæður hvað varðar húsnæði og er húsnæðiskostnaður mjög hár hlutfallslega af tekjum þeirra sem minnst hafa. Tekjur heimila, bæði hvað varðar laun og félagslegar bætur, eru helsti áhrifaþáttur barnafátæktar. Ójöfnuður er ekki einungis einn orsakavaldur fátæktar, heldur einnig afleiðing. Börn sem alast upp við fátækt eru líklegri til að búa áfram við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og fátæktin getur flust á milli kynslóða.

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn að hafa sömu tækifæri til að lifa og þroskast og ekki má mismuna börnum vegna stöðu, bakgrunns eða uppruna þeirra eða fjölskyldunnar. Börn bera ekki ábyrgð á þeirri stöðu sem þau eru í. Fátækt og félagsleg einangrun eykur hættuna á að börn njóti ekki þessara réttinda og er því barnafátækt í raun brot á mannréttindum barna.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu til að tryggja börnum þau réttindi sem þeim ber, tryggja viðunandi framfærslu allra barna og þjónustu við börn. Gjaldfrjáls þjónusta samfélagsins við börn er lykilatriði til að jafna stöðu þeirra og minnka líkurnar á fátækt og félagslegri einangrun. Skólar eru hornsteinn jafnræðis barna á Íslandi og því mikilvægt að standa vörð um skólakerfið, tryggja jafnan aðgang að barnagæslu á viðráðanlegu verði og draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum, en það er langt fyrir ofan meðaltal í Evrópu.

Af þessum sökum leggja Barnaheill - Save the Children á Íslandi mikla áherslu á að unnið sé með barnafátækt út frá forsendum mannréttinda barna og réttinda þeirra óháð stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hvetja stjórnvöld hér á landi til að móta stefnu til að útrýma barnafátækt á Íslandi. Eitt barn sem býr við fátækt og félagslega einangrun er einu barni of mikið.Mikilvægt er að líta á fjármagn sem fer í þjónustu við börn sem fjárfestingu til framtíðar.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**





*Þóra hefur um árabil unnið að málefnum efnalítilla fjölskyldna hér á landi og meðal annars setið í samstarfshópum um fátækt og unnið að aðgerðaráætlun og skýrslu um úrræði, auk þess að sinna stundakennslu um félagslega þjónustu í Háskóla Íslands.*

# FELULEIKUR FÁTÆKTARGILDRUNNAR

Eitt það versta, sem hendir börn, er að búa við ótryggt húsnæði. Tíðir flutningar hafa slæm áhrif á börn. Þeir geta leitt til félagslegrar einangrunar og haft í för með sér afar neikvæðar afleiðingar. Börnin axla gjarnan ábyrgð á stöðunni og skömmin veldur því að vandamálið er falið að sögn Þóru Kemp, deildarstjóra félagslegar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

„Slæm staða á húsnæðismarkaði veldur því að fólk tekur gjarnan því húsnæði sem því býðst án þess að hafa efni á því. Þetta kallar á tíðari flutninga og gjarnan húsnæðisleysi inn á milli sem skapar mikla neyð og óvissu hjá þeim fjölskyldum sem festast í þessum vanda,“ segir Þóra.

„Það segir sig sjálft að þetta eru ekki viðunandi aðstæður fyrir börn, sérstaklega ekki ef í ofanálag þarf að skipta um skóla því að þá verður þetta allt miklu flóknara. Og þó að við sjáum fjölskyldur, sem reyna að halda börnunum í sama skóla, þarf að keyra og sækja. Þegar barnið er ekki í sínu heimahverfi verður flóknara að komast til vina og í tómsundir. Þetta leiðir af sér að barnið fylgir síður félögum sínum og hætta er á félagslegri einangrun og vinamissi.“

„Virk þátttaka skiptir svo miklu máli fyrir okkur öll - að tilheyra hópi. Félagsleg einangrun getur haft fylgikvilla á borð við tilfinninga- og/eða hegðunarvanda sem er afleiðing af þeirri stöðu sem börnin eru í.“

## SKÖMMIN OG FELULEIKURINN

Skýrsla Barnaheilla – Save the Children um fátækt barna í Evrópu og viðtöl við börn hér á landi leiða í ljós að bæði foreldrar og börn upplifa skömm vegna þeirra aðstæðna sem þau búa við. Orðið fátækt er þó yfirleitt ekki nefnt og börnin fela stöðuna því að þeim finnst þau minni máttar. Þau eru í aðstæðum sem þau bera ekki ábyrgð á og geta ekki breytt.

Þóra tekur undir þetta og vitnar auk þess í rannsóknir sem leiða í ljós að börn í slíkri stöðu séu einnig líklegri til að glíma við hegðunar- og námserfiðleika. Eins konar keðjuverkun fari af stað sem hafi áhrif á börnin.

„Peningaskorturinn bitnar gjarnan fyrst á þátttöku barna í félagsstarfi, íþróttum og tómstundum. Þegar þau upplifa skortinn, verða þau meðvirk með foreldrunum og biðja ekki um hluti. Þau einangra sig með því að fara til dæmis ekki í afmæli því að þau gefa ekki gjafir eða fara ekki í ferðalög sem í boði eru.Foreldrarnir eru ekki endilega látnir vita og börnin axla því of mikla ábyrgð, sem þau eiga auðvitað ekki að gera.“

*Eitt af því sem starfsfólk félagsþjónustunnar tekur að sér er að hjálpa fólki í formi stuðningsþjónustu en hún hefur verið efld undanfarin misseri. Hún getur falist í að aðstoða fólk við heimilishald, aðstoð vegna barna, uppeldisráðgjöf eða að auka lífsgæði fjölskyldu almennt. Dæmi eru um að starfsmenn hafi aðstoðað fjölskyldur við að halda upp á ýmis tímamót. En allt starf með fjölskyldum er unnið í samvinnu og með samkomulagi um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur hvað hver aðili á að leggja af mörkum. Fjölskyldur, sem leita eftir félagslegri aðstoð, eiga oft ekki annað bakland eða stuðningsnet og því er félagsþjónusta mikilvægur hlekkur til að bæta aðstæður fólks.*

Láglaunafólki takist hins vegar stundum að forgangsraða á þann hátt að börnin líði ekki skort, en svo að séu dæmi um fjölskyldur, þar sem nógir peningar eru fyrir hendi en börnin líði samt skort. Þá geti verið um vanrækslu foreldranna að ræða.

„Fólk getur orðið dofið fyrir aðstæðum sínum. Foreldrarnir kljást við erfiðan félagslegan vanda og sjá ekki leiðir til að leysa vandann. Þá getur félagsráðgjafi komið inn með mögulegar leiðir. En síðan er þetta líka alltaf spurning um hvað vandinn eða skorturinn varir lengi.“

Frá hruni árið 2008 hefur umsóknum um fjárhagsaðstoð til sveitarfélaga fjölgað. Á árunum 2009-2010 komu inn nýir hópar og fleiri skráðu sig á atvinnuleysisbætur. Öryrkjum fjölgaði líka. Um eitt þúsund manns leituðu t.d. til Þjónustumiðstöðvarinnar í Breiðholti árið 2013 eftir fjárhagsaðstoð.

Mikilvægasta forvörnin að sögn Þóru er að virkja fólkið, sem sækir um fjárhagsaðstoð sér til framfærslu. Hjálpin megi hins vegar ekki vera í formi ölmusu, heldur þurfi að stuðla að hjálp til sjálfshjálpar og mannlegri reisn.

„Okkar hlutverk er að finna út hvar fólk er statt og fylgja því þaðan. Það er gagnslaust að fara fram úr því, því að þá fylgir það okkur ekki eftir. Einstaklingurinn og félagsráðgjafinn þurfa að vinna saman að settum markmiðum því að annars er hætta á að leiðir skilji. Samvinna er lykilatriði sem og samspil milli ólíkra kerfa sem koma að þjónustunni og þurfa að virka.“

## MAÐUR Á MANN

Það, sem hefur reynst árangursríkast í að koma fólki í virkni, er að það setji sér markmið og finni fyrir aðhaldi. Flestir, sem leita til félagsþjónustunnar, eru á aldrinum 18-25 ára, yfirleitt fólk sem hefur ekki reynslu af vinnumarkaði, á ekki rétt á bótum og hefur lítið bakland. „Og þetta er hópurinn sem við höfum sett í fyrirrúm, yfirleitt ungir karlmenn sem vilja vinna.“

Virkniráðgjafar halda þétt utan um þessa einstaklinga. Þeir hringja reglulega og bjóða námskeið, aðstoð við gerð ferilskrár og atvinnuumsókna eða veita upplýsingar um möguleika á starfsþjálfun. „Ef fólk mætir ekki er því fylgt eftir. Hægt og bítandi náum við fólki í virkni. En aðhaldið skiptir miklu máli. Að viðkomandi finni að einhver vill hafa hann með, þyki framlag hans skipta máli, að hans var saknað og hann sé hluti af einhverju mengi.“

„Þegar fólk fær vinnu er ekki víst að það sé til langframa. Hugsanlegt er að það leiti aftur til félagsþjónustunnar. Þá þarf að meta reynsluna í ferilskrá, taka tillit til þess að atvinnuþátttakan hafi aukið lífsgæði og oft á tíðum aukið sjálfstraust.

## MENNT ER MÁTTUR

„Ungt fólk, sem er að hefja framhaldsmenntun, er yfirleitt tekjulægra en eldra fólk sem búið er að afla sér menntunar. Með menntun sér fólk fram á bjartari tíma og þá er líklegra að málin leysist. En staðan er vonlaus hjá fólki sem er ómenntað og fast í fátæktargildru. Ekki er fyrirséð að hlutirnir breytist og lendir það í vítahring sem það kemst ekki úr. Börn, sem eru alin upp í þeirri stöðu, eiga eiga á hættu að taka við sem næsta kynslóð.“

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi menntunar varðandi að atvinnumöguleika. Foreldrar verða betri fyrirmyndir og það hefur margföldunaráhrif fyrir samfélagið að koma fólki á beinu brautina, þótt það sé einungis í tiltekinn tíma.

„Það er náttúrulega frábært að sjá krakka blómstra eftir að hafa fengið fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks og brautskrást sem stúdentar þannig að þeir komist í lánshæft nám. Krakkar, sem ekki nutu ákjósanlegra aðstæðna brjóta upp mynstrið og hafa metnað til að lenda ekki í sömu aðstæðum og foreldrar þeirra. Það er frábært,“ segir Þóra. Hið gagnstæða sé sorglegast. Þegar þriðja og jafnvel fjórða kynslóð þarf að leita til félagsþjónustunnar og nær sér ekki á strik. „Þetta verður þeirra leið í lífinu að fá félagslega aðstoð. Kerfið er baklandið. Hinn félagslegi arfur gengur frá kynslóð til kynslóðar og verður bæði orsök og afleiðing.“

„Oft virðast þetta vera tvö skref áfram og eitt aftur á bak. En það gerast sólskinssögur inni á milli. Lykillinn er alltaf sá að fólkið sé með okkur og samvinnugrundvöllur sé fyrir hendi.“

## HUGA ÞARF AÐ MÁLEFNUM INNFLYTJENDA

Þóra segir að málin séu flóknari eftir efnahagshrunið. Málefni innflytjenda geti til að mynda verið afar flókin. Þau tengist dvalarleyfum og leyfisveitingum og séu oft lögfræðilegs eðlis. Túlkun og skilningur flækir málin og börnin þurfa að læra á skólakerfið. Vanþekking foreldra á kerfinu krefjist stundum að félagsráðgjafi sé viðstaddur í foreldraviðtölum eða veiti leiðsögn í notkun Mentors og frístundakortsins.

„Við vitum að þátttaka innflytjenda í íþróttastarfi er minni en annarra barna og reynum með þessari upplýsingagjöf að ryðja þeim hindrununum úr vegi. Við vinnum einnig meðvitað að því að nota ekki börn þeirra foreldra, sem leita eftir félagsþjónustu, sem túlka.“

Þóra segir að þrátt fyrir að Breiðholtið hafi orð á sér fyrir margs konar vanda kjósi starfsfólkið að horfa á styrkleikana frekar en veikleikana: „Við fögnum fjölbreytninni og þeim áskorunum sem berast inn á borð til okkar. Úrræðin eru fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda en ekki fyrir einhverja tiltekna hópa því að í raun veit maður aldrei hver er næstur.“

**Viðtal og ljósmynd:**
**Sigríður Guðlaugsdóttir**

*Í tengslum við rannsókn Evrópuhóps Barnaheilla – Save the Children um fátækt barna í Evrópu tóku samtökin viðtöl við börn og ungmenni sem alin eru upp við efnahagslegan skort hér á landi. Erfitt reyndist að ná til fólks og fá það í viðtöl. Fólk virtist eiga erfitt með að viðurkenna fátækt og bæði börn og fullorðnir virðast leggja nokkuð á sig til að leyna ástandinu. Orðið fátækt er jafnvel aldrei nefnt á nafn á heimilunum þó svo að hvorki séu til peningar fyrir tómstundum barna né mat síðustu dagana í mánuði. Í þeim tilvikum þar sem foreldrar höfðu búið við langvarandi atvinnuleysi hafði það gjarnan valdið doða og einangrun foreldra og barna þeirra.*

# ÍSLENSKUR VERULEIKI

*Um leið og við þökkum þeim sem veittu viðtöl í tengslum við fátæktarskýrsluna, birtum við hér viðtalsbrot sem varpa ljósi á líðan og aðstæður barna sem búa við fátækt hér á landi.*

## BÖRN OG UNGMENNI:

*Mamma er einstæð og atvinnulaus. Við búum í litilli íbúð með einu herbergi og við erum öll þrjú saman. Ég og bróðir minn erum orðin stór en við höfum ekki efni á að flytja í stærri íbúð.*



*Ég er orðin vön því að geta ekki keypt mér hluti en ég hef lært að vera ánægð með það sem ég hef.*

*Það hjálpar mér mikið að fara í félags-miðstöðina og tala við krakkana. Við förum stundum í bíó en ég get ekki alltaf farið með.*

*Ég get ekki stundað íþróttir því það er alltof dýrt.*

*Mér líður illa að spyrja mömmu um pening því ég veit að matur er mikilvægari en að fara í bíó, eða leikhús eða á ball.*

*Það er fullt af krökkum í kringum okkur sem eiga ekki pening en maður tekur ekki eftir því af því þau fela það svo vel.*

*Ég veit um krakka sem eru ekki með internetið og þá er svo auðvelt að verða útundan. Netið er svo mikilvægt fyrir unglinga. Þar er allt, tískan, sjónvarpsþættir, myndir og svo er boðið í viðburði á Facebook. Og ef þú ert ekki með net þá missir þú af því.*

*Mér finnst stór hluti af krökkum vera með lítinn pening, þó þau séu ekki fátæk. Þau eiga húsnæði og fjölskyldu, en ekki nægan pening til að fylgja öðrum krökkum eftir í tómstundum og félagslífi.*

*Ég held ekki upp á afmælið mitt af því það er alltof dýrt. Ég hef ekki haldið upp á það frá því ég var lítil.*

*Mér líður stundum minni máttar að eiga ekki pening og ég er hrædd um að ég verði misheppnuð í lífinu og verði ekki eins og fólk sem maður sér í sjónvarpinu. Mig langar í betra líf.*

*Ég get ekki farið í hvaða nám sem er af því það er svo dýrt en mig langar ekki að vinna í Bónus þegar ég er orðin stór. Mig langar að fá góða vinnu og eiga góða framtíð, eiga mitt eigið hús og bíl og geta boðið fólki heim til mín. Ég vil geta verið stolt af sjálfri mér. Geta hugsað; ég náði þessu. En ég veit bara ekki hvernig ég á að ná þessu betra lífi. En mig langar í betra líf í framtíðinni og eiga betri möguleika. Mig langar það.*

## KENNARAR:

*Fátækt hefur aukist, sérstaklega síðustu tvö árin. Fleiri börn og heimili virðast eiga í erfiðleikum. Það er mikil hætta á þessi hópur einangrist af því hann hefur ekki aðgang að tómstundum og öðru sem er í boði fyrir börn. Sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, þar sem börnin hverfa í fjöldann.*

*Alls staðar er verið að sauma að þeim málaflokkum sem þarf til að taka á þessum málum.*

*Ef hlutirnir kosta þarf maður að vera mjög vakandi fyrir að hlaupa undir bagga með nemendum sem á þurfa að halda svo þeir verði ekki útundan og geti tekið þátt.*

*Það er mikil þöggun í gangi. Krakkarnir tala ekki um fátæktina. Það er skömm. Það má enginn annar vita. Og við hjálpum þeim að fela þetta af því við eigum í trúnaðarsambandi.*

*Það þarf að auka félagslegan jöfnuð og breyta áherslum.*

*Á meðan þörfin eykst fyrir úrræði er dregið úr þjónustunni.*

*Áður snerist sérkennslan meira um sértæka námsörðugleika á borð við lesblindu.Nú er þetta meira hópur sem stendur höllum fæti félagslega og þarf sálrænan stuðning. Meðal annars vegna fátæktar.*



## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

**Reykjavík**
101 Hótel ehf, Hverfisgötu 10
A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
A1 málun ehf, Ólafsgeisla 7
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Arka heilsuvörur ehf, Sundaborg 1
Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
ÁH lögmenn slf, Vættaborgum 144
Álnabær ehf, verslun, Síðumúla 32
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Ásbyrgi, fasteignasala, Suðurlandsbraut 54
B. Árnason, byggingaþjónusta ehf, Breiðagerði 21
Bandalag kvenna í Reykjavík, Hallveigarstöðum, Túngötu 14
Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
Barnaverndarstofa, Borgartúni 21
Bati - sjúkraþjálfun ehf, Kringlunni 7
Bergsson Mathús, Templarasundi 3
Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
Birtingur ehf, Stigahlíð 51
Bílamálun Pálmars ehf, Vagnhöfða 20
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
BK fasteignir ehf., Baldursgötu 18
Blikksmiðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
Blossi ehf, Dvergshöfða 27
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf, Klapparstíg 25-27
Bókhaldsstofa Haraldar slf, Síðumúla 29
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Breiðan ehf, Markarvegi 6
Brekkuborg sf, Krókavaði 6
Brú fasteignasala, Stórhöfða 23
BSRB, Grettisgötu 89
Búálfurinn, Lóuhólum 2-6
Byggingafélagið Þumall ehf, Viðarrima 8
C is for Cookie kaffihús, Týsgötu 8
Café Meskí, Fákafeni 9
Carpe Diem sf, markþjáfun og ráðgjöf, Suðurlandsbraut 46, 3. hæð
Casino ehf, Laugavegi 78
D&C ehf, Hamarshöfða 5
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Drafnarfell ehf, Stórhöfða 35
Drekinn, söluturn, Njálsgötu 23
Drengsson pics ehf - drengsson.is, Nethyl 2
E. Ólafsson ehf, Geirsgötu 9
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Emstrur ehf., Síðumíla 28
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
ESP ehf, Fossaleynir 16
Eykt ehf, Stórhöfða 34-40
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Faris ehf, Gylfaflöt 3
Fasteignasalan Húsið, Suðurlandsbraut 50
Fastus ehf, Síðumúla 16
Ferðaskrifstofan VITA, Suðurlandsbraut 2
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
Fisk Gallerý ehf, Nethyl 2
Fiska, fiskverslun, Brekkuhúsum 1
Fiskafurðir-umboðssala ehf, Fiskislóð 5-9
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Fjallamenn Íslands -Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
Fjarvirkni slf, Suðurlandsbraut 32
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf, Fiskakvísl 14
Fríkirkjan í Reykjavík, Laufásvegi 13
FS Flutningar ehf, Giljalandi 9
Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
Gastec ehf, Bíldshöfða 14
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Gestamóttakan ehf-Your Host in Iceland, Kirkjutorgi 6
Giljá ehf, Seiðakvísl 5
Gistihúsið Víkingur ehf, Þverholti 20
Gnýr sf, Stallaseli 3
Grensáskirkja, Háaleitisbraut 66
Grettir Guesthouse ehf, Laugavegi 28a
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gullbúðin, Bankastræti 12
Gullsmiður Eyjólfur Kúld, Hjallavegi 25
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hamborgarabúllan Bíldshöfða 18
Hár og heilun ehf, Ármúla 34
Heimili ehf-fasteignasala, Suðurlandsbraut 22
Henson sports, Brautarholti 24
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
Hið íslenska bókmenntafélag, Skeifunni 3b
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjólastillingar ehf, Hamarshöfða 3
Hótel Frón ehf, Laugavegi 22a
Hreyfill, Fellsmúla 26
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21
Húsafl sf, Nethyl 2
Hús-inn ehf, Bíldshöfða 14
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
IFS Ráðgjöf ehf, Suðurlandsbraut 24
Indiska verslun, Kringlunni 4-12
Intellecta ehf, Síðumúla 5
Í réttum ramma ehf, Skútuvogi 12f
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Ísold ehf, Nethyl 3-3a
Íþróttabandalag Reykjavíkur, Engjavegi 6
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
James Bönd, Skipholti 9
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7
JP Lögmenn ehf, Katrínartúni 2, Höfðatorgi
Kaffifélagið ehf, Skólavörðustíg 10
Kauphöll Íslands hf, Laugavegi 182
Kerfisþróun Ísland ehf, Síðumúla 28
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, Vesturhlíð 8
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjöreign ehf, fasteignasala, Ármúla 21
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Knattspyrnufélagið Fram, Safamýri 26
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
Kortaþjónustan hf, Skipholti 50b
Kringlukráin, Kringlunni 4-6
Krumma ehf, Gylfaflöt 7
Landfestar ehf, fasteignafélag, Álfheimum 74
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Landssamtök lífeyrissjóða, Sætúni 1
Landvernd, Þórunnartúni 6
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og rekstrarráðgjöf, Suðurlandsbraut 48
Leikfangasmiðjan Stubbur, Ránargötu 7
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
Ljósblik rafverktakar ehf, Fossaleyni 16
Ljúfmetisverslunin Búrið, Grandagarði 35
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882, 893 3397, Garðhúsum 6
LOG lögmannsstofa sf, Kringlunni 7
Lækjarbrekka, veitingahús, Bankastræti 2
Læknasetrið ehf, Þönglabakka 6
Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9
Lögreglufélag Reykjavíkur, Brautarholti 30
Lögvís, lögmannsstofa, Garðastræti 36
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Magnús og Steingrímur ehf, Bíldshöfða 12
Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Meyjarnar kvenfataverslunin, Háaleitisbraut 68
MS Armann skipamiðlun ehf, Tryggvagötu 17
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Skipholti 70
Nauthóll bistro, Nauthólsvegi 106
Netbókhald.is ehf, Kringlunni 4-12
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Nisti ehf, Krókhálsi 4
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Nostra ræstingar ehf, Sundaborg 11-13
Núðluskálin, Skólavörðustíg 8
Nýi tónlistarskólinn, Grensásvegi 3
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Oliner System Iceland ehf, Bæjarflöt 15
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pfaff hf, Grensásvegi 13
PG Þjónustan ehf, Viðarhöfða 1
Poulsen ehf, Skeifunni 2
Prentlausnir ehf, Ármúla 15
Rafax ehf, Prestastíg 8
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Rafn ehf, Sóltúni 11
Rafskoðun ehf faggilt skoðunarstofa, Hólmaslóð 4
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Rekstrarfélagið Viðvik ehf, Síðumúla 1
Reykjagarður hf, Fosshálsi 1
Réttur lögmannsstofa, Klapparstíg 25-27
Rima Apótek, Langarima 21-23
Salon VEH, Hús verslunarinnar, Kringlunni 7
Scanco ehf, Sundaborg 5
Semoco ehf, bílaverkstæði Suzukiþjónustan, Skeifan 17
Sérefni ehf, málningarvöruverslun, Síðumúla 22
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
Silfurberg ehf, Suðurgötu 22
SÍBS, Síðumúla 6
Sjávarfiskur ehf, Eyjarslóð 7
Sjónarlind, bókabúð, Bergstaðastræti 7
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Borgartúni 12-14
Skopos ehf, þýðingastofa og túlkunarþjónusta, Klapparstíg 16
Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
SM kvótaþing ehf, Skipholti 50d
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Sónn ehf, Faxafeni 12
Sprettur-þróun og stjórnun ehf, Laugavegi 26
Stál og stansar ehf, Vagnhöfða 7
Stjörnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Storkurinn ehf, Laugavegi 59
Stólpi ehf-alhliða viðgerðaþjónusta, Klettagörðum 5
Stólpi-gámar ehf, Klettagörðum 5
STRÁ Starfsráðningar ehf, Suðurlandsbraut 6
Studiobility ehf, Bergstaðastræti 42
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
Sægreifinn, Verbúð 8 við Geirsgötu
Sögn ehf, Seljavegi 2
Tannlæknastofa Gísla Vilhjálmssonar, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf, Skólavörðustíg 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsinn ehf, Hraunbergi 4
Teiknistofan Arkitektar, Brautarholti 6
Terra Export ehf, Nethyl 2b
The Capital Inn, Suðurhlíð 35d
THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
Timberland Kringlunni og Timberland Laugavegi
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66
Trackwell hf, Laugavegi 178
Tölvar ehf, Síðumúla 1
Tölvu- og tækniþjónustan ehf, Grensásvegi 8
Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Urðarapótek ehf, Vínlandsleið 16
Útfararstofa Íslands ehf, Suðurhlíð 35
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
Vagnar og þjónusta ehf, Tunguhálsi 10
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16
Veiðiþjónustan Strengir, Smárarima 30
Veitingahúsið Fiskfélagið, Vesturgötu 2a
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
Verðlistinn Laugalæk, Laugarnesvegi 74a
Verksýn ehf, Síðumúla 1
Verslunin Kiss, Kringlunni 4-12
Vélaverkstæðið Kistufell ehf, Tangarhöfða 13
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
Virkjun, Mörkinni 3
Vottunarstofan Tún ehf, vottun lífrænna afurða, Þarabakka 3
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Welcome Apartments, Ármúla 19
Wise lausnir ehf, Borgartúni 26
www.satis.is, Fákafeni 9
Yndisauki ehf, Vatnagörðum 6
Þráinn skóari ehf, Grettisgötu 3
Ölver sport og karaoke bar, Álfheimum 74
Örn Þór slf, Brekkuseli 29

**Seltjarnarnes**
Felixson ehf, Lindarbraut 11
Innrömmun Guðmundar, Eiðistorgi 15
Lög og réttur ehf, Austurströnd 3
Nesskip hf, Austurströnd 1
Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2
Vökvatæki ehf, Bygggörðum 5

**Vogar**
Loftræstihreinsun ehf, Vogagerði 19

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
Á. Guðmundsson ehf, Bæjarlind 8-10
Ásborg slf, Smiðjuvegi 11
Barnavöruverslunin Varðan, Bæjarlind 14-16
bilalokkun.is, Skemmuvegi 4
Cargo sendibílaleiga ehf, Skemmuvegi 32, bleik gata
Dressmann á Íslandi ehf, Hagasmára 1, Smáralind
Elfa Guðmundsdóttur, tannlæknir, s: 564 6250, Hlíðasmára 14
Feris ehf, Dalvegi 16b
Ferli ehf, Hlíðasmára 8
Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 29
Greiðabílar hf, Dalvegi 28
Harðbakur ehf, Ísalind 2
Húsgagnaverkstæðið ehf, Smiðjuvegi 4c
Hvellur-G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Ingi hópferðir ehf, Laufbrekku 16
Ingimundur Einarsson ehf málari, Trönuhjalla 1
Inter Medica ehf, Skemmuvegi 6
Ísfix ehf, Smiðjuvegi 6, græn gata
Íshúsið ehf, Smiðjuvegi 4a
Járnsmiðja Óðins, Smiðjuvegi 4b
Mótaverk ehf, Auðbrekku 6
Myconceptstore, Hjallabrekku 1, Dalbrekkumegin
Nobex ehf, Hlíðasmára 6
Point á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir, Akralind 6
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Rafport ehf, Nýbýlavegi 14
Rakarastofan Herramenn, Neðstutröð 8
Retis lausnir ehf, Hlíðasmára 6
Sérverk ehf, Askalind 5



*„Af hverju fæ ég ekki?“ kunna einhver börn að spyrja sem finnst þau ekki njóta sambærilegra hluta eða félagslegra tækifæra og vinir þeirra.*

# AF HVERJU FÆ ÉG EKKI?

Fátækt meðal barna á sér margar birtingarmyndir. Þegar hugtakið „fátækt“ ber á góma dettur mörgum í hug svelti og jafnvel að viðkomandi búi á götunni. Hugtakið fátækt hefur hins vegar mun víðtækari merkingu en það. Í því felst m.a. að hafa ekki ráð á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji stendur til eða eru talin nauðsynleg.

Hópur þessara barna er ekki einsleitur. Börn einstæðra foreldra og börn innflytjenda eru þó líklegri til að vera hluti af þessum hópi. Foreldrar sem eru aðþrengdir fjárhagslega, þurfa eðli málsins samkvæmt að forgangsraða ef endar eiga að ná saman. Efst á forgangslista eru grunnþarfir, húsaskjól og að fæða og klæða fjölskylduna. Aðrir hlutir verða að mæta afgangi.

Ekki geta allir foreldrar tryggt fjölskyldu sinni öruggt húsaskjól til langs tíma eða mat á borðið á hverjum degi. Þessir foreldrar lifa ef til vill í óvissu um hver mánaðamót hvort tekst að greiða alla nauðsynlega reikninga og eiga líka svolítinn afgang.

Í starfi mínu sem sálfræðingur hef ég oft komið að málum barna efnalítilla foreldra og skynjað að þau fara sannarlega ekki varhluta af áhyggjum foreldra sinna, hvort sem það eru fjárhagsáhyggjur eða aðrar áhyggjur af öðrum ástæðum. Óstöðugleiki, t.a.m. tíðir flutningar ásamt öðrum fylgifiskum viðvarandi efnahagsþrenginga, hafa neikvæð og jafnvel skaðleg áhrif bæði á þroska og tilfinningalíf barnanna.

Að vera barn í fjölskyldu sem býr við knappan fjárhag til langs tíma er erfitt hlutskipti. Óhjákvæmilega bera börn sig saman við önnur börn. Þau bera heimilislíf sitt t.d. saman við heimilislíf vina sinna þar sem sambærilegur vandi er ekki fyrir hendi.

Skilningur barnsins á þessari erfiðu stöðu fjölskyldunnar byggist vissulega á þroska þess og aldri. Engu að síður spyrja unglingar sig allt eins og yngri börnin af hverju þeir geti ekki notið sömu hluta og „önnur börn“ á þeirra aldri. Enda þótt þeir viti e.t.v. svarið eru þeir eðlilega ósáttir við hlutskipti sitt og finnst það ósanngjarnt. Þeir finna oft hvað mest fyrir þessari mismunun ef þeir fá ekki tækifæri til að stunda tómstundir eða t.d. tónlistarnám sem hugur og áhugi beinist að.

Þessu er svipað farið með yngri börnin sem einnig leiða oft hugann að leikföngum sem þau sjá á heimilum vina sinna og þrá að eignast. Eldri börnin horfa e.t.v. til tölvuleikja/tækja, ferðalaga eða tískufatnaðar sem foreldrar þeirra hafa ekki ráð á að veita þeim. Þau kunna að spyrja „en hvenær þá?“ og svarið er oft „kannski um næstu mánaðamót“ eða „seinna“.

Því meiri mismunun sem börn kynnast innbyrðis í félags- og efnahagslegri stöðu sinni því meiri líkur eru á að tilfinningar, eins og vanmáttar- og minnimáttarkennd og öfund, geri vart við sig. Við slíkar aðstæður finna ung börn oft fyrir sorg og höfnun. Unglingar sem búa við slíkar aðstæður finna oft fyrir reiði, pirringi, ergelsi og biturð. Það hefur áhrif á sjálfsmat og sjálfsvirðingu barns ef það er stöðugt að finna og upplifa að það fái minna en önnur börn á sama reki eða fái ekki sömu tækifæri. Þess vegna finnst börnum efnaminni foreldra þau oft vera á jaðrinum meðal jafningja sinna og tekst oft ekki að samlagast eða líða nógu vel með sjálf sig í jafnaldrahópnum.

Þegar líður að hátíðum eins og jólum og páskum eru börn efnaminni fjölskyldna oft hnuggin og jafnvel kvíðin því að þá verður slík mismunun enn meira áberandi. Í aðdraganda jóla er ekki algengt að tilhlökkun barna efnaminni fjölskyldna fái á sig gráan blæ. Þau spyrja sig e.t.v. hvernig verður þetta um þessi jól eða þessa páska. Verður til peningur fyrir hátíðarmat, jólagjöfum, páskaeggi?

Sé litið til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafa nú lögfest, ber samfélaginu að draga úr mismunun meðal barna og tryggja að börn efnaminni foreldra hafi jafnan aðgang að tómstundastarfi, skólamáltíðum, leikskóla og heilbrigðisþjónustu. Þetta ákvæði, sem og annað í Sáttmálanum, ber okkur að hafa í heiðri og Barnaheill láta sitt ekki eftir liggja í þeim efnum.

**Kolbrún Baldursdóttir**

## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

Sjúkraþjálfunin Sporthúsinu ehf, Dalsmára 9-11
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Sports Direct, Skógarlind 2
Tannsmíðastofan sf, Hlíðasmára 9
Tengi ehf, Smiðjuvegi 76
Tíbrá ehf, Asparhvarfi 1
Vatnsvirkjar ehf, almenn pípulögn og þjónusta, Álfkonuhvarfi 23
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Vídd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4

**Garðabær**
66°Norður, Miðhrauni 11
Álverið ehf, Skeiðarási 10
Bílasprautun Íslands ehf, Lyngási 12
Cintamani ehf, Austurhrauni 3
Hjallastefnan ehf, Lyngási 11
K.C. Málun ehf, Löngulínu 2
Krókur ehf, Suðurhrauni 3
Leiksvið slf, Súlunesi 9
Makron ehf, Lækjarfit 11
Okkar bakarí ehf, Iðnbúð 2
Samhentir-Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4
Versus bílaréttingar og málun, Suðurhrauni 2
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

**Hafnarfjörður**
Apótek Hafnarfjarðar, Tjarnarvöllum 11
Ásafl ehf, Hjallahrauni 2
DS lausnir ehf, Rauðhellu 5
Friðrik A Jónsson ehf, Miðhrauni 13
Gamla Vínhúsið-A. Hansen, Vesturgötu 4
Gerandi ehf, Suðurbraut 10
Geymsla Eitt ehf, Steinhellu 15
GMT ehf
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hagmálun slf, Erluási 56
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
H-Berg ehf, Grandatröð 2
Heimir og Jens ehf, Birkibergi 14
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf, Fornubúðum 5
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
Ísrör ehf, Hringhellu 12
Jónas Þór Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður, Strandgötu 25
Lagnameistarinn ehf, Móabarði 36
Matbær ehf, Reykjavíkurvegi 72
Mynstrun ehf, Herjólfsgötu 20
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
Rafgjafinn ehf, Selhellu 13
Ráfiskur ehf, Hvaleyrarbraut 24
Rótor ehf, s: 555 4900, Helluhrauni 4
Sólark-Arkitektar ehf, sola@solark.is, Hraunbrún 31
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Svalþúfa ehf, Óseyrarbraut 9
Sæli ehf, Smyrlahrauni 17
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Veislulist - Skútan, Hólshrauni 3
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkvík-Sandtak ehf, Rauðhellu 3
Víðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
Þvottahúsið Faghreinsun, Reykjavíkurvegi 68

**Reykjanesbær**
ÁÁ verktakar ehf, s: 421 6530 & 898 2210, Fitjabraut 4
Ásberg fasteignasala ehf, Hafnargötu 27
Bílaverkstæði Þóris ehf, Hafnarbraut 12a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Fiskbúðin Vík ehf, Hringbraut 92
Grímsnes ehf, Steinási 18
Hótel Keflavík ehf, Vatnsnesvegi 12
Ice Group Ltd, Iðavöllum 7a
IGS ehf Keflavíkurflugvelli, Fálkavelli 13
Klettasteinn ehf, Iðavöllum 5b
Langbest ehf, Keilisbraut 771 Ásbrú
M2 Fasteignasala og leigumiðlun, Hólmgarði 2c
OSN lagnir ehf, Ægisvöllum 23
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Sigurður Haraldsson ehf, Gónhóli 13
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90

**Grindavík**
Bókvit ehf, Víkurbraut 46
Eldfjallaferðir ehf, Víkurbraut 2
EVH verktakar ehf, Bakkalág 19
Hársnyrtistofan Rossini ehf, Hafnargötu 6
Marver ehf, Stafholti
Ó S fiskverkun ehf, Árnastíg 23
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

**Sandgerði**
Hvalsnessókn
Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3

**Garður**
H. Pétursson, Skálareykjavegi 12
Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4
Útskálakirkja, Útskálum

**Mosfellsbær**
A-Marine ehf, Björtuhlíð 11
ÁG Húseiningar ehf, Bjargartanga 16
Byggingarfélagið Jörð ehf, Arkarholti 19
Fagverk verktakar sf, Spóahöfða 18
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf, Þverholti 2
Garðagróður ehf, Reykjum II
Guðmundur S Borgarsson ehf, Reykjahvoll 16
Hópferðabílar Jónatans Þórissonar ehf, Barrholti 14
Reykjabúið ehf, Suðurreykjum 1
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6
Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar, Skeljatanga 20
Sögumiðlun ehf, Borgarhóli
Útgerðarfélagið Lilja ehf, Bugðutanga 26
Veislugarður ehf, veisluþjónusta, Háholti 2
Vélsmiðjan Sveinn ehf, Flugumýri 6
Víf ehf, silfurskart, Brattholti 17

**Akranes**
Gámaþjónusta Vesturlands ehf, Höfðaseli 15
Grastec ehf, Einigrund 9
Practica, bókhaldsþjónusta, Kirkjubraut 28
Skaginn hf, Þorgeir og Ellert
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

**Borgarnes**
Blómasetrið, Skúlagötu 13
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf, Þórðargötu 24
Ferðaþjónustan Nes, www.nesreykholt.is, Reykholtsdal
Háskólinn á Bifröst ses., Bifröst
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Límtré Vírnet ehf., Borgarbraut 74
Trésmiðja Pálma, Hálsum Skorradal

**Reykholt Borgarfirði**
Garðyrkjustöðin Sólbyrgi, Sólbyrgi

**Stykkishólmur**
Marz sjávarafurðir ehf, Aðalgötu 5

**Ólafsvík**
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf, Brautarholti 18

**Hellissandur**
Esjar ehf, Hafnargötu 14
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10

**Búðardalur**
Dalabyggð, Miðbraut 11

**Reykh**ólahreppur
Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

**Ísafjörður**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Harðfiskverkun Finnboga sími: 456 3250, Sindragötu 9
Útgerðarfélagið Öngull ehf, Engjavegi 28
Vestfirskir verktakar ehf, Skeiði 3

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Fjalla Eyvindur ehf, Aðalstræti 20
Glaður ehf, Traðarstíg 1
Magnús Már ehf, Bakkastíg 6b
Ráðhús ehf, Miðstræti 1
Sérleyfisferðir Bolungarvík - Ísafjörður, Aðalstræti 20
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

**Suðureyri**
Berti G ÍS-161, Eyrargötu 4

**Patreksfjörður**
Bílaverkstæðið Smur- og dekkjaþjónustan, Aðalstræti 3
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf, Þórsgötu 9
Gistiheimilið Bjarkarholti

**Tálknafjörður**
Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf, Bugatúni 8
Trans Atlantic ehf - ferðaskrifstofa, Tryggvabraut 22

**Bíldudalur**
Tjarnarbraut ehf, Tjarnarbraut 2

**Þingeyri**
Skjólskógar á Vestfjörðum, Fjarðargötu 2

**Hólmavík**
Strandabyggð, Höfðagötu 3

**Árneshreppur**
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

**Hvammstangi**
Seafood Restaurant , Geitafelli, Vatnsnesi
Steypustöðin Hvammstanga ehf, Melavegi 2
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru, Staðarbakka 1

**Blönduós**
Átak ehf, Efstubraut 2
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Iðnsveinafélag Húnvetninga, Þverbraut 1
Kvenfélag Svínavatnshrepps
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1

**Sauðárkrókur**
Guðrún Kristín Kristófersdóttir, Borgarflöt 1
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Faxatorgi
Sjúkraþjálfun Sigurveigar ehf, Aðalgötu 20b

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði
Gistihúsið Himnasvalir og Jeppaferðir www.jrjsuperjeep.com, Egilsá
Tannlæknastofan Grænjaxl, Garðatorgi 7

**Siglufjörður**
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð, Hvanneyrarbraut

**Akureyri**
Bakaríið við brúna ehf, Dalbraut 1
Baldur Halldórsson ehf, Hlíðarenda
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Bautinn og Smiðjan, veitingasala, Hafnarstræti 92
Betra brauð ehf, Freyjunesi 8
Eining-Iðja, Skipagötu 14
Fasteignasalan Hvammur ehf, Hafnarstræti 99-101
FB Girðing ehf, Fjölnisgötu 6a
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Fjölumboð ehf, Strandgötu 25
Framtal sf, Kaupangi Mýrarvegi
Grand þvottur ehf, Freyjunesi 4
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf, www.rettarholl.is, Smáratúni 16b
Grófargil ehf, Glerárgötu 36
Hnýfill ehf, Brekkugötu 36
Ísgát ehf, Furulundi 13f
J M J herrafataverslun, Gránufélagsgötu 4
K.B. bólstrun, Strandgötu 39
Kælismiðjan Frost ehf, Fjölnisgötu 4b
Lögmannsstofa Akureyrar ehf, Hofsbót 4
Málningarmiðstöðin ehf, Hólabraut 18
Meðferðarheimilið Laugalandi
Molta ehf, Þveráreyrum 1a
Myndlistaskólinn á Akureyri ehf, Kaupvangsstræti 14
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf, Melateigi 31
Pólarhestar ehf, Grýtubakka 2
Rafmenn ehf, Frostagötu 6c
Samherji Ísland ehf, Glerárgötu 30
Samvirkni ehf, Hafnarstræti 97
Sjómannablaðið Víkingur, Byggðavegi 101b
Sjómannafélag Eyjafjarðar, Skipagötu 14
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Steypusögun Norðurlands ehf, Víðivöllum 22
Sverrir Bergsson, Hamarstíg 26
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Tannlæknastofa Mörthu Hermannsdóttur, Þórunnarstræti 114
Vélsmiðjan Ásverk ehf, Grímseyjargötu
www.urtasmidjan.is sími: 462 4769, Fossbrekku

**Grímsey**
Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

**Dalvík**
EB ehf, Gunnarsbraut 6
Gistihúsið Skeið-www.thule-tours.com, Skeið
O Jakobsson ehf, Ránarbraut 4b
Vélvirki ehf, verkstæði, Hafnarbraut 7

**Ólafsfjörður**
Höllin veitingahús ehf, Hafnargötu 16
Menntaskólinn á Tröllaskaga, Ægisgötu

**Húsavík**
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, www.fjallasyn.is, Smiðjuteigi 7
Framhaldsskólinn á Húsavík, Stóragarði 10
Gistiheimilið Sigtún ehf-www.gsigtun.is, Túngötu 13
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Auðbrekku 4
Heimabakarí Húsavík, Garðarsbraut 15
Knarrareyri ehf, Túngötu 6
Norðursigling ehf, Hafnarstétt 9
Vinnuvélar Reynis B. Ingvasonar ehf, Brekku

**Laugar**
Sparisjóður Suður- Þingeyinga, Kjarna Laugum

**Mývatn**
Hestaleigan Safarí hestar, Álftagerði 3
Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum
Vogar, ferðaþjónusta, Vogum



*Ólafur Stefánsson, Kári Steinn Karlsson og Dýri Kristjánsson sem Íþróttaálfurinn hlupu fyrsta hringinn fyrir þátttakendur í Egilshöll.*

*Árið 2012 létust 6,6 milljónir barna undir fimm ára aldri– Árið 1990 var talan 12,6 milljónir. Þótt töluverður árangur hafi náðst, deyja 18 þúsund börn á hverjum degi fyrir fimm ára afmælið sitt af ástæðum sem hægt er að koma í veg fyrir.*



*Nemendur úr Víðistaðaskóla náðu bestum tíma hér á landi og hlupu á 2:01:22, sem er rúmum tveimur mínútum undir heimsmetinu.*

# 50 ÞÚSUND BÖRN HLUPU Í KAPPHLAUPINU UM LÍFIÐ

Hinn 23. október síðastliðinn fór ***Kapphlaupið um lífið*** fram í annað sinn hér á landi. Fimmtíu þúsund börn víðs vegar um heiminn þreyttu þá maraþonhlaup í boðhlaupsformi til að vekja athygli á baráttunni gegn barnadauða í heiminum. Tæplega 250 íslensk börn tóku þátt í hlaupinu sem fór fram í 67 löndum í ár.

Hlaupið var á tveimur stöðum á landinu, í Egilshöll og Akraneshöll. Nemendur voru á aldrinum 11-13 ára og komu úr sex skólum ; Ingunnarskóla, Lindaskóla og Víðistaðaskóla á höfuðborgarsvæðinu og Brekkubæjarskóla og Grundarskóla á Akranesi og Grunnskóla Borgarness.

Markmið barnanna með þátttöku í hlaupinu er að þrýsta á valdhafa um allan heim til að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að bæta aðstæður barna í löndum þar sem hungur og skortur á heilbrigðisþjónustu eiga mikinn þátt í barnadauða.

„Þegar þúsaldarmarkmiðin voru sett árið 2000 um að draga úr barnadauða um 2/3 fyrir árið 2015 var það von okkar að sú breyting yrði möguleg. Nú vitum við að með því að vinna saman getum við náð mun betri árangri. Það er ekki ásættanlegt að ætla einungis að draga úr barnadauða um 2/3. Öll börn eiga rétt til lífs. Þess vegna höfum við gengið í lið með þeim sem vilja útrýma barnadauða af viðráðanlegum ástæðum fyrir árið 2030 og leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til að þrýsta á að það verði markmið Sameinuðu Þjóðanna eftir árið 2015," segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Í maraþoninu hleypur hvert og eitt barn 6 til 9 sinnum 200 metra í senn, eftir fjölda í liði. Þjóðþekkt fólk lagði málstaðnum einnig lið með því að taka þátt í boðhlaupinu.

Þetta er í sjötta sinn sem hlaupið fer fram á alþjóðavísu. Árið 2012 náðu 15 lið af 425 að slá maraþonheimsmet Patrick Makau frá Kenýa en það er 2:03:38. Besti tími sem náðst hefur í Kapphlaupinu um lífið er 1:55:43 – tími sem nemendur í Helby High School í Manchester í Bretlandi náðu í síðasta hlaupi.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Ljósmyndir: Eggert Jónsson**

## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

**Kópasker**
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, Skinnastað
Höfði fasteignasala, Suðurlandsbraut 20
JS Seafood ehf
Magnvík ehf, Bakkagötu 22

**Þórshöfn**
Ferðaþjónusta bænda, Ytra-Álandi
Geir ehf, Sunnuvegi 3

**Vopnafjörður**
Mælifell ehf, Háholti 2
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

**Egilsstaðir**
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4
Klausturkaffi ehf, Skriðuklaustri
Rafey ehf, Miðási 11
Snyrtistofan Alda, Tjarnarbraut 19
Tindaberg sf, Hömrum 9
Þ.S. verktakar ehf, Miðási 8-10

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

**Reyðarfjörður**
Krana- og gröfuleiga Borgþórs ehf, Hæðargerði 4
Launafl ehf, Hrauni 3
Sigfússon ehf flutningar, Melbrún 6
Skiltaval ehf, Leiruvogi 4

**Eskifjörður**
Egersund Ísland ehf, Hafnargötu 2
Fjarðaþrif ehf, Strandgötu 46c
Lindarbrekkufrænkur, Lindin fasteignir, Hólsvegi 5

**Neskaupstaður**
Fjarðahótel, Egilsbraut 1
Hárstofa Sigríðar ehf, Austurvegi 20a
Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6

**Fáskrúðsfjörður**
Kaffi Sumarlína ehf, Búðarvegi 59
Litli Tindur ehf, Skólavegi 105

**Stöðvarfjörður**
Ástrós ehf, Fjarðarbraut 44
Slöttur ehf, Hólalandi 14

**Djúpivogur**
S.G. Vélar ehf, verkstæði, Mörk 6

**Höfn í Hornafirði**
Ferðaþjónustan Árnesi, Árnesi 5
Funi ehf, sorphreinsun, Ártúni
Uggi SF - 47, Fiskhóli 9
Þingvað ehf, Tjarnarbrú 3

**Selfoss**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Brandugla slf, þýðingar, Erlurima 8
Byggingafélagið Laski ehf, Gagnheiði 9
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Garðyrkjustöðin Heiðmörk, Laugarási
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði, Engjavegi 56
Gistiheimilið, Gaulverjaskóli
Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C
Gufuhlíð ehf, Gufuhlíð
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Hótel Selfoss ehf, Eyravegi 2
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
K.Þ Verktakar ehf, Hraunbraut 27
Kvenfélag Gnúpverja
Renniverkstæði Björns Jensen ehf, Gagnheiði 74

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35
Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41
Tannlæknaþjónustan Hellu, Selfossi og Reykjavík - S: 482-3333, Selfossi og Hellu
Veiðisport ehf, Miðengi 7

**Hveragerði**
Bíl-X ehf, bifreiðaverkstæði, Austurmörk 11
Kjöris ehf, Austurmörk 15
Samtals ehf, Austurmörk 4

**Þorlákshöfn**
Fagus hf, Unubakka 18-20
Meitillinn veitingahús, Selvogsbraut 41
Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1
Þorlákskirkja

**Ölfus**
Eldhestar ehf, Völlum

**Stokkseyri**
Fjöruborðið, Eyrarbraut 3a

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Hella**
Hestvit ehf, Árbakka
Suðurprófastdæmi, Fellsmúla 1
Trésmiðjan Ingólfs ehf, Freyvangi 16

**Hvolsvöllur**
Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli
Eldstó ehf, Austurvegi 2
Gestastofan Þorvaldseyri
Kvenfélagið Freyja
Nínukot ehf-Vinna um víða veröld, Stóragerði 8

**Vík**
Hótel Katla, Höfðabrekku
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

**Kirkjubæjarklaustur**
Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf, Efri-Vík
Geirland ehf, hótel og veitingarekstur

**Vestmannaeyjar**
Áhaldaleigan ehf, Skildingavegi 10-12
Bergur ehf, Pósthólf 236
Bergur-Huginn ehf, Básaskersbryggju 10
D.Þ.H ehf, sjúkraþjálfun, Hólagötu 12
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Guðmunda ehf-Viking Tours ehf, Tangagötu 7
Hótel Vestmannaeyjar, Vestmannabraut 28
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Skólavegi 2
Ós ehf, Illugagötu 44
Salka, Bárustíg 9
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2
Vöruval ehf, Vesturvegi 18


**Vallakór 2**
203 Kópavogur

Stærð: 0 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 2014
Fasteignamat: 0

RE/MAX Senter

Opið Hús















HRINGDU NÚNA OG FÁÐU SKOÐUN

Verð: 0

**Glæsilegar íbúðir Vallakór 2**
RE/MAX SENTER KYNNIR:Glæsilegar og vel skipulagðar íbúðir við Vallakór 2. Um er að ræða fallegar og rúmgóðar íbúðir með stórum garðsvölum

Veldu þína íbúð www.vallakor2.is

Byggingaraðilar eru SS hús.
Áætlað er að íbúðirnar verða afhentar um haustið 2014 eða fyrr.

Þetta er ein allra glæsilegasta staðsetning í kórahverfinu í Kópavogi, stutt er í flest alla þjónustu, skóla, leikskóla og afþreyingu s.s sund og Íþróttamiðstöðina og fl.

Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Ástþór Reynir í síma 899-6753 arg@remax.is og Gunnar Sverrir í síma 862-2001 gunnar@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

# NEMENDUR HAGASKÓLA STYRKJA BARNAHEILL UM 1,1 MILLJÓN KRÓNA

Hinn 9. apríl síðastliðinn stóðu nemendur Hagaskóla fyrir góðgerðardegi sem þeir nefna Gott mál – unglingar fyrir unglinga. Á dögunum afhentu þeir Barnaheillum – Save the Chidlren á Íslandi og SOS Barnaþorpum alls 2.2 milljónir króna, sem er afrakstur söfnunarinnar í ár. Barnaheill hlutu 1.109.000 króna sem renna til barna í flóttamannabúðum í Sýrlandi.

Þetta er fimmta árið í röð sem góðgerðardagurinn er haldinn en þá er opið hús í skólanum þar sem allir bekkir standa fyrir einhvers konar fjáröflun. Meðal þess, sem í boði var í ár, var draugahús, andlitsmálning, happdrætti, veitingasala, þrautir, uppistand og tónlist. Þá sýndu nemendur ýmis skemmtiatriði á sviði og göngum skólans.

Í ár ákváðu nemendur að styrkja tvö erlend málefni. Á vefsíðu skólans segir að unglingarnir hafi mikla samúð með börnum sem búa við stríðsástand og í flóttamannabúðum og mikilvægt sé að styðja við menntun. Barnaheill urðu fyrir valinu vegna verkefna samtakanna í flóttamannabúðum í Sýrlandi og SOS Barnaþorp vegna skólabyggingar í Malaví.



*Sunna Stefánsdóttir hjá SOS Barnaþorpum, Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.*



*Nemendurnir Sandra, Anna Karen og Hjalti afhentu styrkinn þeim Sunnu Stefánsdóttur hjá SOS Barnaþorpum og Ernu Reynisdóttur hjá Barnaheillum.*



*Pizzur eru sívinsælar hjá unga fólkinu.*



*Nemendur öfluðu fjár með ýmsum hætti. Hjá þessum stúlkum varð baksturinn fyrir valinu.*



# HJÁLPUM SÝRLENSKUM BÖRNUM

**Texti: Erna Reynisdóttir**
**Ljósmyndir: Jonathan Hyams/Save the Children**

Átökin í Sýrlandi hafi staðið í rúm þrjú ár og enn eru engin merki eru um að þeim sé að ljúka. Save the Children hafa frá upphafi átakanna hjálpað um 700 þúsund flóttabörnum og fjölskyldum þeirra í Jórdaníu, Líbanon, Írak og Egyptalandi. Auk þess hafa samtökin hjálpað 230 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Sýrlands, með því að útvega mat, hreint vatn, lyf og skjól gegn veðri og vindum.

Save the Children hafa gefið út nokkrar skýrslur um ástandið í Sýrlandi. Síðastliðið haust kom út skýrslan ***Hunger in a War Zone, the growing crisis behind the Syria conflict*** þar sem fjallað er um vaxandi matvælaskort í landinu. Þar er að finna vitnisburð barna og foreldra sem hefur tekist að flýja yfir landamærin. Enn eru milljónir Sýrlendinga innan landamæranna í bráðri matarþörf. Þar af er um helmingur börn. Matarskortur hefur verið stöðugur alllengi, uppskera brostið, og ræktarlönd og akrar eyðilögð. Átökin hafa hamlað dreifingu matvæla og gert hjálparsamtökum gríðarlega erfitt um vik. Ástandið versnar stöðugt. Börn sem áður gátu treyst á þrjár máltíðir á dag sofna nú svöng og hrædd.

Í kjölfar útgáfu skýrslunnar hófu Barnaheill - Save the Children á Íslandi söfnunarátak til að bregðast við ástandinu og hjálpa sýrlenskum



*Barnaheill - Save the Children hjálpa börnum að komast yfir erfiða lífsreynslu frá Sýrlandi og útvega börnum menntun og fjölskyldum þeirra nauðsynjar til að komast af - þar á meðal læknishjálp, hlý föt, næringarríkan mat og tjöld og teppi sem veita skjól gegn veðri og vindum.*



*Stúlka leikur sér í heimatilbúinni rólu í Faida flóttamannabúðunum í Bekaa dalnum í Líbanon. Meira en 1.000 sýrlenskir flóttamenn búa í búðunum. Í landinu eru meira en 460 flóttamannabúðir. Flóttamenn halda áfram að streyma yfir landamærin og leita þá gjarnan ættingja sinna í flóttamannabúðum.*

*Börn orna sér við eld í flóttamannabúðum við sýrlensku landamærin. Á veturna þurfa börnin sérstaka hjálp vegna kuldans, en hitastig getur farið niður fyrir frostmark á þeim árstíma. Margir flóttamenn búa í þunnum tjöldum, eða í byggingum án hita, rafmagns eða hitaveitu. og eiga fá eða engin vetrarföt.*



börnum og foreldrum þeirra. Einnig sóttu samtökin um styrk til Utanríkisráðuneytisins. Í lok árs 2013 höfðu Barnaheill safnað um 10 milljónum króna vegna neyðarástandsins í Sýrlandi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka þátt í að fjármagna matarkörfur sem dreift er til 2.200 fjölskyldna innan landamæranna. Áætlað er að yfir þrjár milljónir Sýrlendinga, sem búa á einangruðum svæðum, hafi fengið litla sem enga neyðaraðstoð í meira en ár. Gríðarlega erfitt er að ná til þessa fólks en samtökin hafa nú fundið leið til að koma mataraðstoð á þessi einangruðu svæði í samstarfi við Líbönsk hjálparsamtök. Þau svæði, sem um ræðir eru Wadi Barda og Daraa við Jórdönsku landamærin. Þangað hefur safnast mikill mannfjöldi sem hefur freistað þess að komast yfir landamærin en Jórdönsk stjórnvöld hafa takmarkað aðgang flóttamanna í landið.

Engin teikn eru á lofti um að ástandið í Sýrlandi breytist í bráð. Í nýjustu skýrslu Save the Children um ástandið, ***A devastating Toll, the Impact of Three years of War on the Health of Syria´s Children***, er ljósi varpað á hrun heilbrigðiskerfisins í landinu og afleiðingum þess. Börn deyja ekki einungis vegna átakanna, heldur einnig vegna næringarskorts og sjúkdóma sem áður hefur verið hægt að meðhöndla eða koma i veg fyrir.

Sýrlensk börn búa við skelfilegar aðstæður þar sem matarskortur og bágborin heilbrigðisþjónusta bætast ofan á hörmungar vegna stríðsátakanna. Save the Children halda áfram neyðaraðstoð bæði við flóttafólk og fjölskyldur innan landamæranna eins og kostur er. Til þess þurfa samtökin á stuðningi almennings að halda. Með því að hringja í síma 904 1900 styrkir fólk dreifingu á matarkörfum til barna í Sýrlandi. Einnig er hægt að gerast Heillavinur Barnaheilla á vef samtakanna, eða með því að hringja í síma 553 5900.

***Hjálpum börnunum í Sýrlandi.***




*Á hverju ári gefa Save the Children út ýmsar skýrslur um stöðu barna í heiminum. Skýrslan um stöðu mæðra er flaggskip samtakanna og hefur verið gefin út á hverju ári í 15 ár.*

# ÞAÐ BORGAR SIG AÐ FJÁRFESTA Í MÆÐRUM SEM BÚA VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Skýrsla Barnaheilla – Save the Children um stöðu mæðra í heiminum - kom út í byrjun maí. Þetta er í fimmtánda sinn sem skýrslan kemur út. Í ár var sjónum sérstaklega beint að mæðrum sem búa við neyð, allt frá afleiðingum náttúruhamfara til afleiðinga bágs efnahags eða stríðsátaka. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, fjölmiðlakona, kynnti skýrsluna á Barnaspítala Hringsins.

Í skýrslunni kemur fram að hægt er að draga verulega úr mæðra- og barnadauða í verst settu löndum heims þegar áhersla er lögð á að bæta þjónustu við mæður og börn.

Meðal þeirra 178 landa, sem könnuð voru, er best að vera móðir í Finnlandi en verst í Sómalíu. Samanburðurinn er mest áberandi þegar litið er til tiltekinna áhrifaþátta. Í Chad er til dæmis líklegt að ein kona af hverjum 15 látist vegna vandkvæða í meðgöngu einhvern tímann á lífsleiðinni. Hlutfallið í Svíþjóð er ein af hverjum 14.100. Í Sierra Leone eru líkurnar á að barn nái ekki fimm ára aldri einn á móti fimm en hér á landi er hlutfallið eitt á móti 435.

Ísland er í fjórða sæti listans í ár og hér á landi er barnadauði hvað minnstur í heiminum. Einungis í Luxemborg deyja færri börn fyrir fimm ára aldur. Ísland hefur verið í einu af 10 efstu sætum listans átta sinnum frá því að skýrslan kom fyrst út árið 2000.

Athyglisvert er að sjá þann árangur sem náðst hefur í Afghanistan þar sem stríðsátök hafa geisað í áratugi. Fyrir einungis þremur árum var þar verst að vera móðir. Samstillt átak hefur hins vegar leitt til þess að dregið hefur úr mæðradauða um næstum tvo þriðju frá árinu 2000. Með þjálfun ljósmæðra, bólusetningum og áherslu á menntun stúlkna, hefur mikill árangur náðst af að bæta heilsu kvenna og barna.

Í Lýðveldinu Kongó er, samkvæmt rannsóknum, hættulegra að vera kona eða barn en vopnaður maður í bardaga.

„Á hverju ári láta mörg þúsund fleiri mæður og börn lífið þar sem stríð geisa en karlar sem taka þátt í átökunum. Því er nauðsynlegt að auka aðgang að heilbrigðisþjónustu á stöðum þar sem innviðir eru veikir. Öll börn eiga rétt á að lifa af, sama hvar þau fæðast," segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Í Afríku hefur Eþíópía staðið sig best í að draga úr mæðradauða. Sum Vesturlanda dragast hins vegar aftur úr. Í Bandaríkjunum hefur hættan á að 15 ára gömul stúlka látist einhvern tímann á lífsleiðinni vegna vandkvæða í tengslum við þungun aukist um 50% frá árinu 2000, frá einni af hverjum 3.700 til einnar af hverjum 2.400. Bandarískar konur eru því í sömu hættu hvað varðar mæðradauða og mæður í Íran eða Rúmeníu.

Þó svo að náttúruhamfarir á borð við fellibylinn Haiyan á Filippseyjum sýni mikilvægi þess að hjálpa mæðrum þegar grunnþjónusta raskast, kemur í ljós að hægt að byggja töluvert hratt upp aftur þá grunnþjónustu sem fyrir var eftir að mesta neyðin er liðin hjá.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**



*Íslenskar mæður mættu á Barnaspítalann með börn sín til að kynna sér efni skýrslunnar. Frá vinstri Bryndís Gyða, Frosti Þeyr, Lára Rán, Vala Karen, Viktor James og Benedikt Breki.*

Í skýrslunni kemur meðal annars fram:

- Meira en 250 milljónir barna undir fimm ára aldri búa í löndum þar sem átök eiga sér stað
- Þeir fátækustu verða verst úti í náttúruhamförum - 95% dauðsfalla vegna náttúruhamfara verða í þróunarlöndum
- 56% mæðra- og barnadauða eiga sér stað í þróunarlöndum
- Flóttamannaástand varir að meðaltali í 17 ár




*Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, fjölmiðlakona, kynnti skýrsluna á Barnaspítala Hringsins.*

# STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU BARNAHEILLA

***24. október 1989*** **Stofnfundur Barnaheilla.** Hugmynd að samtökum sem hefðu að meginmarkmiði að auka rétt barna í samfélaginu, kom frá fagfólki á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans.




***1991*** Veggspjaldið ***Slys er engin tilviljun*** var gefið út í forvarnarskyni og dreift gegnum heilsugæslustöðvar landsins til nýbakaðra foreldra.

***Október 1992*** Ráðstefna um mannréttindi barna haldin í fyrsta sinn hér á landi. Á ráðstefnunni var **tilkynnt að ríkisstjórn Íslands hefði staðfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**.




***1993*** Landssöfnun á Stöð 2 og Bylgjunni til að koma á fót heimili fyrir börn í vanda sem þurftu að komast á annað heimili. Fjármunum varið til að gera upp **húsnæði á Geldingalæk** á Rangárvöllum, kaupa innbú og bifreið vegna starfseminnar þar.

***4. september 1993*** Geldingalækur á Rangárvöllum opnaður sem heimili fyrir börn í vanda. Þar vistuðust að hámarki sex börn innan tólf ára aldurs sem sóttu grunnskólann á Hellu. Barnaverndarstofa tók starfsemina yfir árið 1995 en heimilið var rekið til ársins 2008.

***1994*** Foreldralína Barnaheilla sett á laggirnar þar sem foreldrar gátu fengið ráðgjöf sérfræðinga gegnum síma.



***Haustið 1996*** Landsöfnun hefst fyrir íbúð sem ætluð er foreldrum langveikra barna utan af landi sem dveljast þurfa á sjúkrahúsi í Reykjavík.

***Apríl 1997*** Barnaheill afhenda Barnaspítala Hringsins íbúð að Rauðarárstíg. Íbúðin er til afnota fyrir foreldra skjólstæðinga spítalans sem búa á landsbyggðinni. Þannig var bætt úr brýnni þörf foreldra sem annars hefðu þurft að kosta miklu til að leigja húsnæði í borginni. Ári seinna var afhent önnur íbúð að Skúlagötu 10 í sama tilgangi.




***1998*** Bókin ***Þetta er líkaminn minn*** gefin út í fyrsta sinn. Bókin er liður í fræðslu- og forvarnarstarfi Barnaheilla til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi. Hún er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri til að tala saman um ofbeldi á opinn og óþvingaðan hátt. Heilsugæslustöðvar um allt land sjá um að dreifa bókinni til foreldra.

**1999** Kambódía – Verkefni Barnaheilla hefst í afskekktum héruðum Kampong Cham sýslu í Kambódíu þar sem átök höfðu staðið um árabil. Skólar voru byggðir í Veal Bompong, Otasek og í Chhro Norm. Tæpar 12 milljónir króna voru lagðar í verkefnið á tveimur árum þar sem kennarar fengu meðal annars þjálfun, þátttaka barna var efld og þau hvött til skólagöngu. Sett voru upp bókasöfn, skólanefndir og barna-og ungmennaráð sett á laggirnar og foreldrum, kennurum og börnum veitt ýmiss konar fræðsla.



**2001** Ábendingalína Barnaheilla opnuð. Frá árinu 2001 hafa samtökin tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu. Á vef samtakanna er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu.




**2002** Viðurkenning Barnaheilla afhent í fyrsta sinn á afmælisdegi Barnasáttmálans 20. nóvember. Fyrstu viðurkenninguna hlaut Barnahús.

**2002** Fyrsti styrkur sem Barnaheill - Save the Children á Íslandi hljóta fyrir neyðaraðstoð á alþjóðavísu. Tvær milljónir króna voru veittar til uppbyggingar skólastarfs í Afganistan.

**Desember 2005** **Hátíð trjánna**. Barnaheill stóðu í fyrsta sinn fyrir uppboði, hátíðarkvöldverði og skemmtidagskrá. Alls söfnuðust 10 milljónir til styrktar starfsemi Barna- og unglingageðdeildar.

**2007** Uppbyggingar- og menntunarstarf hefst í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda.



**27. maí 2008** Kompásþáttur sýndur á Stöð 2. Kompás kynnti sér sögu og mannlíf Kambódíu og verkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi þar í landi. Langþráður draumur íbúa í Veal Bompong þorpinu um skóla og skólagöngu fyrir börnin hafði ræst fyrir tilstilli Barnaheilla á Íslandi. Þakklæti þeirra í garð Íslendinga var hjartnæmt. Flest börnin höfðu ekki verið í skóla áður og sum börnin voru fyrsta kynslóð í meira en 40 ár sem á kost áttu skólagöngu í þorpinu.

**7. október 2009** Rósin við þvottalaugarnar í Laugardal afhjúpuð. Rósin er minnisvarði óþekkta barnsins og er til heiðurs börnum um allan heim sem hafa látist eða eiga um sárt að binda. Þar er hægt að koma saman og heiðra minningu barna. Frú Vigdís Finnbogadóttir afhjúpaði verkið ásamt Særúnu Baldursdóttur og Ívari Eiðssyni frá ungmennaráði Barnaheilla.




**2. desember 2009** Gagnvirki fræðsluvefurinn barnasattmali.is var opnaður. Þar má finna upplýsingar um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Vefurinn hentar bæði börnum og fullorðnum. Hann er tvískiptur; vefsvæði fyrir kennara og foreldra og svæði fyrir börn og unglinga.

***6. apríl 2009*** Bann við að beita börn líkamlegri og andlegri refsingu lögfest á Alþingi. Barnaheill höfðu gert athugasemdir við dóm Hæstaréttar sem viðurkenndi líkamlegar meiðingar á börnum til að bregðast við óþægð. Að mati Barnaheilla hafði Hæstiréttur með dómnum brotið barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en sáttmálinn kveður skýrt á um vernd barna gegn öllu ofbeldi. Barnaheill lögðu áherslu á að flenging og önnur líkamleg refsing væri ekki uppeldisaðferð, heldur ofbeldi gegn börnum.



***25. júní 2009*** Embætti Ríkislögreglustjóra tók að sér að bregðast við ábendingum um ólöglegt eða óviðeigandi efni á netinu sem berst gegnum ábendingahnapp Barnaheilla.

***16. febrúar 2011*** Börn sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi – Skýrsla Barnaheilla um börn sem búa við heimilisofbeldi var gefin út og kynnt á málþinginu ***Átta ára drengur óskar eftir íbúð***. Í skýrslunni var fjallað um félagslegan stuðning og úrræði fyrir börn í Reykjavík sem verða vitni að heimilisofbeldi. Meðal þess, sem rannsóknin leiddi í ljós, er að mikill skortur er á almennum úrræðum og þjónustu fyrir börn og fjölskyldur sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna ofbeldis í fjölskyldum.



***28. mars 2012*** Heilar tennur – mannréttindi eða forréttindi? Barnaheill hrundu af stað átaki og undirskriftasöfnun þar sem skorað var á alla hlutaðeigandi að grípa til aðgerða og koma tannheilsu íslenskra barna upp úr 6. neðsta sæti OECD landanna. Undirskriftirnar voru afhentar velferðarráðherra 27. september og í apríl 2013 var undirritaður samningur á Alþingi um að allir árgangar barna til 18 ára aldurs njóti fullrar endurgreiðslu tannlækninga að frádregnu komugjaldi.

***16. október 2012*** Barnamaraþon Barnaheilla – Save the Children Kapphlaupið um lífið fór fram í fyrsta sinn hér á landi. Um 20 þúsund börn tóku þátt í hlaupinu víða um heim, þar af 140 í Laugardalshöll. Börnin hlupu heilt maraþon í boðhlaupsformi en besti tíminn var 2:10:5, sem er einungis um 7 mínútum lengri tími en heimsmet Keníabúans Patrick Macau.



***20. febrúar 2013*** Samþykkt á Alþingi að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálann. Lögfestingin er mikil réttarbót fyrir íslensk börn. Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children, hafa frá upphafi barist ötullega fyrir réttindum barna og segja má að saga samtakanna sé samofin sögu barnasáttmálans og baráttu fyrir réttindum barna. Stofnandi Save the Children, Eglantyne Jebb, á hugmyndina að og skrifaði fyrstu yfirlýsinguna um réttindi barnsins árið 1923. Yfirlýsingin varð fyrsta skrefið að bættum réttindum barna og undanfari Barnasáttmálans eins og við nú þekkjum hann.



*Stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í maí 2014. Frá vinstri Erna Reynisdóttir, María Sólbergsdóttir, Dögg Pálsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Sigríður Olgeirsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Atli Dagbjartsson og Helga Sverrisdóttir. Á myndina vantar Þórarinn Eldjárn og Gunnar Hrafn Jónsson.*

# VIÐ ERUM BARNAHEILL



*Erna Reynisdóttir*



*Guðrún Ansnes*



*Hulda Stefánsdóttir*



*Kristín Hulda Guðmundsdóttir*



*Margrét Júlía Rafnsdóttir*



*Sigríður Guðlaugsdóttir*



*Þóra Jónsdóttir*

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún skrifaði stefnuyfirlýsingu samtakanna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is Þú finnur okkur líka á Facebook, Twitter og Instagram.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi reiða sig alfarið á fjárframlög frá einstaklingum og fyrirtækjum. Með frjálsu framlagi styður þú starf okkar fyrir mannréttindum barna.

**Reikningsnúmerið okkar er : 0327-26-1989 kt. 521089-1059**

*Litið um öxl »*

# HUGARFARSBREYTING HEFUR ORÐIÐ Á MANNRÉTTINDUM BARNA

**Viðtal og ljósmynd: Sigríður Guðlaugsdóttir**

Kristín Jónasdóttir, félagsfræðingur, var ráðin í hálft starf sem skrifstofustjóri Barnaheilla árið 1991. Þá hafði starfsmaður verið í hálfu starfi á skrifstofunni frá stofnun samtakanna. Kristín tók við af honum og var í fyrstu eini starfsmaður samtakanna en ekki leið á löngu áður en hún var komin í fullt starf og fljótlega bættist við bókari í hlutastarfi.

Barnaheill voru fyrstu samtökin sem störfuðu að mannréttindum barna hér á landi með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

„Mér fannst mjög spennandi að vinna að þeirri samfélagslegu hugarfarsbreytingu varðandi réttindi barna sem við stóðum fyrir á þessum tíma,“ segir Kristín þegar hún rifjar upp tíma sinn hjá Barnaheillum. Margt nýtt hafi verið að gerast í þessum málum. „Þetta var náttúrulega heljarinnar verk en mörg tækifæri sem sneru að bættum mannréttindum barna og það höfðaði til mín.“

Eitt helsta baráttumál samtakanna frá upphafi var að fá Barnasáttmálann staðfestan hér á landi og það gerðist árið 1992. „Við héldum stóra ráðstefnu um réttindi barna í október 1992 í gamla Tónabíói og þar var tilkynnt að ríkisstjórnin hefði staðfest Barnasáttmálann. Þetta var stór stund,“ segir Kristín þegar hún rifjar upp þetta mikilvæga skref í mannréttindabaráttu barna á Íslandi. Í kjölfarið tók við kynning á sáttmálanum og efnt var til samvinnu sem flestra í stjórnsýslunni sem komu að málefnum barna. Í almennri umræðu unnu samtökin að því að koma mannréttindavinklinum að. „Það sem stendur upp úr fyrir mér er Hugarfarsbreytingin, sem orðið hefur á þessum 25 árum um rétt barna. Að börn eigi sín eigin réttindi. Þau eru ekki eign foreldra sinna eða fjölskyldna, heldur sjálfstæðir einstaklingar með eigin þarfir og réttindi. Okkur, foreldrunum og samfélaginu öllu ber skylda til að huga að réttindum barna, gæta þeirra og vernda. Þetta var stóra málið fyrir mig.“

Stundum er sagt að það sé gott fyrir sálina að vinna að góðgerðarmálum. Kristín var skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri Barnaheilla í 15 ár og tekur undir þau orð. Hún segir að starf af þessu tagi sé gefandi en minnist þess þó að það hafi einnig verið krefjandi. „Ég lagði áherslu á að vera málefnaleg en einnig lipur og ákveðin í að koma sjónarmiðum og viðhorfsbreytingum á stöðu barna í samfélaginu jafnt og þétt á framfæri. Það var stöðugt sótt á brattann sem var auðvitað mjög skemmtilegt en gat líka tekið á.“



*Kristín Jónasdóttir á núverandi vinnustað sínum, Háskóla Íslands.*

> *„Mér fannst mjög spennandi að vinna að þeirri samfélagslegu hugarfarsbreytingu varðandi réttindi barna sem við stóðum fyrir á þessum tíma,“*

Mestu áskoranirnar sneru að fjáröflun samtakanna sem fengu afar lítinn stuðning frá ríkinu. „Það er ekki auðvelt að reka frjáls félagasamtök á Íslandi. En þetta gekk þó ágætlega því að snemma nutu samtökin heilmikils stuðnings frá almenningi. Margir studdu samtökin með því að gerast félagar og greiða árleg félagsgjöld.“

Þegar Barnaheill urðu hluti af Save the Children tók við nýr kafli hjá samtökunum og kynning hófst á starfi alþjóðasamtakanna. „Það var afskaplega skemmtilegt að taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfi og mikilvægt að vinna saman að ákveðnum þáttum. Enn í dag sé ég afraksturinn af samvinnunni eins og þegar skýrslan um fátækt barna í Evrópu kom út um daginn og árlega skýrslan um stöðu mæðra í heiminum.“

„Á þessum 15 árum, sem ég starfaði hjá Barnaheillum, uxu samtökin jafnt og þétt og í lok starfstíma míns voru fastir starfsmenn orðnir sex og verkefnin fjölmörg, bæði innlend og erlend. Það má segja að ég hafi fylgt samtökunum frá barnsaldri til unglingsára.“

„Ég er stolt af samtökunum og sé ekki betur en að þau haldi áfram að styrkjast og dafna með hverju árinu sem líður. Það gleður mig mikið, sérstaklega af því ég eyddi stórum hluta starfsævinnar hjá Barnaheillum og vil veg samtakanna sem mestan.

*Litið um öxl »*

# SÁTT OG STOLT AF VERKEFNUNUM

**Viðtal: Sigríður Guðlaugsdóttir**

Petrína Ásgeirsdóttir var framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á árunum 2006-2012. Þá stóðu samtökin á tímamótum og stjórn þeirra lagði áherslu á verkefnalegan og fjárhagslegan vöxt sem og að samtökin yrðu sýnilegri út á við.

Á þessum árum var einnig lögð áhersla á að efla erlend verkefni, bæði í tengslum við þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð.

„Innanlands lögðum við áherslu á vernd barna gegn ofbeldi, málsvarastarf um réttindi barna og að rödd barna yrði sterkari í íslensku samfélagi. Við fórum nýjar leiðir í fjáröflun og kynningarstafi um leið og við byggðum á því sem fyrir var. Úganda og Kambódía urðu svo fyrir valinu sem samstarfslönd í langtímaverkefnum. Þar unnum við að því að bæta aðstæður og auka menntun barna á stríðshrjáðum svæðum.“



*Petrína í góðum félagsskap í Norður-Úganda.*

„Rannsókn Barnaheilla ***Börn, sem verða vitni að heimilisofbeldi*** er ofarlega í huga þegar litið er til baka. Hún vakti mikla athygli þegar hún var kynnt í byrjun árs 2011. Henni var fylgt eftir með ráðstefnu og málsvarastarfi. Ég er fullviss að skýrslan átti þátt í að auka vitund um aðstæður barna sem búa við heimilisofbeldi og leiddi til bættrar þjónustu við börnin m.a. á vegum Barnaverndarstofu og fleiri aðila.“

*„Rannsókn Barnaheilla Börn sem verða vitni að heimilisofbeldi er ofarlega í huga þegar litið er til baka. Hún vakti mikla athygli þegar hún var kynnt í byrjun árs 2011 og henni var fylgt eftir með ráðstefnu og málsvarastarfi. Ég er fullviss að skýrslan átti þátt í að auka vitund um aðstæður barna sem búa við heimilisofbeldi, sem hefur leitt til bættrar þjónustu við börnin m.a. á vegum Barnaverndarstofu og fleiri aðila.“*

„Samstarf við skóla og önnur samtök skiptu samtökin einnig miklu máli. Nemendur í Snælandsskóla og Austurbæjarskóla unnu meðal annars verkefni í tengslum við Barnasáttmálann en þau voru kynnt á vegum samtakanna. Samstarf við Umboðsmann barna og UNICEF um kynningu sáttmálans þótti Petrínu árangursríkt. Sameiginleg skýrsla Barnaheilla, UNICEF og Mannréttindaskrifstofu Íslands um stöðu barna á Íslandi var send til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í lok árs 2010 vegna úttektar nefndarinnar á stöðu barna á Íslandi. Þá var Ungmennaráði Barnaheilla komið á fót sem varð liður í því að gera rödd barna og ungmenna sterkari í íslensku samfélagi.“

Efnahagshrunið árið 2008 setti strik í reikning samtakanna og róðurinn þyngdist til muna að ýmsu leyti þótt samtökin hafi hafið haldið ágætlega sjó. „Þetta hafði þau áhrif að ákveðið var að hætta aðkomu að nokkrum verkefnum, m.a. í Kambódíu, og það þótti mér bæði erfitt og sárt því að þar er neyðin svo mikil.“

Aðkoma Vigdísar sem verndara hefur ávallt verið mikilvæg fyrir samtökin. „Mér fannst sérlega gott að starfa með henni og er mjög þakklát fyrir hve hún var alltaf reiðubúin að styðja málstað okkar. Bresku sendiherrahjónin Elaine og Alp Mehmet lögðu Barnaheillum einnig ómetanlegt lið, ekki síst í tengslum við fjáröflunarviðburð samtakanna ***Hátíð trjánna***.“

„Þegar ég lít yfir farinn veg er ég mjög sátt og stolt af mörgum verkefnum sem samtökin stóðu fyrir á mínum árum. Mestur hluti tímans var skemmtilegur og vinnan mjög gefandi þó að áskoranir væru margar. Á alþjóðavettvangi fór fram mikil stefnumótunarvinna og mér fannst mjög skemmtilegt að fá tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu. Svo þykir mér ákaflega vænt um starf Barnaheilla í Norður-Úganda sem hófst árið 2007.“

„Að lokum óska ég samtökunum til hamingju með 25 ára afmælið og vona að þau eflist enn frekar með hækkandi aldri og geti þannig lagt meira af mörkum til að bæta réttindi barna um víða veröld.“



# MIKIL GRIMMD OG TILLITSLEYSI Á NETINU

**Viðtal: Sigríður Guðlaugsdóttir. Ljósmynd: Loftur Kristjánsson**

Loftur Kristjánsson, rannsóknarlögreglumaður sér um rannsóknir á ábendingum um ólöglegt eða óviðeigandi efni á netinu sem berast í gegnum Ábendingahnapp Barnaheilla. Hann er rannsóknarlögreglumaður hjá Lögreglunni á Suðurnesjum og er einnig með diplómanám í afbrotafræði frá Kaupmannahafnarháskóla. Loftur hefur sérhæft sig í rannsóknum á tölvum, símum og öðrum gagnavörslum, en auk þess hefur hann starfað við kynferðisafbrotarannsóknir í fjölda ára.

Í gegnum ábendingalínuna berast árlega fjöldi ábendinga þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt og/eða þau beitt kynferðisofbeldi. Slíkt ofbeldi getur haft langvarandi og skaðleg áhrif á börn, en framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg.

Frá því Loftur tók við Ábendingalínunni á síðasta ári segist hann hafa fundið aukningu í ábendingum sem snúa að samfélagsmiðlum og öppum sem krakkar nota í snjallsímum. Símarnir séu orðnir algengari en áður og stundum berist ábendingar um einelti til dæmis í bylgjum vegna aukinnar notkunar á þessari tækni. Með því að gera krakkana meðvitaðri um afleiðingarnar og umræðu lagist þetta þó yfirleitt.

„Krakkar þurfa að átta sig á því að ef einhver tekur mynd af þeim, þá á hann myndina og getur notað hana eins og honum sýnist. Það koma reglulega upp mál þar sem krakkar hafa orðið það sem ég kalla „skyndiskotnir“ í einhverjum, sem platar þá til að gefa sér myndir, og þá getur viðkomandi lent í mjög leiðinlegum málum. Ást á þessum aldri er oft bundin við stuttan tíma, þótt þú sért hrifin í dag er staðan kannski breytt á morgun og þá er hægt að nota hlutina gegn þér. Það er mikil grimmd, hugsunarleysi og tillitsleysi í sumum þessara mála.“

Ábendingalínan er styrkt af Safer Internet áætlun Evrópusambandsins og aðili að SAFT verkefninu. Á árinu 2012 bárust meira en ein milljón ábendinga í gegnum InHope, regnhlífasamtök ábendingalína. Af þeim voru 37 þúsund ábendingar sem sýndu kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20 þúsund börnum. Samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa einungis um 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning. Loftur talar í sumum tilfellum beint við fórnarlömbin hér á landi, eða fólkið sem tilkynnir málin til að fá betri upplýsingar og stundum til að veita aðstoð.

Hann er einnig í samvinnu við alþjóðadeild ríkislögreglustjóra og tengslafulltrúa Íslands við Europol og Bandarísku Alríkislögregluna vegna ábendinga sem tengjast þeirra svæðum. Með aukningu á hýsingarverum á Íslandi eru einnig auknar líkur á að alþjóðlegar síður með

barnaklámi séu vistaðar hér á landi. Með góðri samvinnu við gagnaverin hefur verið hægt að bregðast skjótt við og fá slíkum síðum lokað.

„Það getur verið gífurlega mikill óþverri sem maður sér í þessu starfi. Okkur stendur til boða að fá faglega aðstoð til að takast á við þetta og ég hef nýtt mér hana svo maður sé ekki að burðast með allar heimsins áhyggjur á eigin herðum. Reynslan sem ég hef verður auðvitað ekki frá mér tekin, þótt hún brenni mann í leiðinni, en fyrir óreynda getur það verið mikið áfall að sjá og upplifa þessi brot. Og þótt maður brynji sig gagnvart þeim, hreyfa þau alltaf við manni.“

Besta ráðið sem Loftur getur gefið foreldrum er að treysta börnunum fyrir netnotkuninni og ræða við þau um hætturnar frekar en að njósna um þau og tortryggja; „Þannig sýnum við þeim virðingu og gefum þeim frelsi til að tala saman í friði. Það er betra að ala þau upp í hvernig þau eiga að tala og mjög mikilvægt að þau átti sig á því að það sem þau segja á netinu hverfur aldrei.“




*„Krakkar þurfa að átta sig á því að ef einhver tekur mynd af þeim, þá á hann myndina og getur notað hana eins og honum sýnist. Það koma reglulega upp mál þar sem krakkar hafa orðið það sem ég kalla „skyndiskotnir“ í einhverjum, sem platar þá til að gefa sér myndir, og þá getur viðkomandi lent í mjög leiðinlegum málum“.*

MANNVIT

# Traust, Víðsýni, Þekking og Gleði

**Mannvit** leggur áherslu á trausta og faglega ráðgjöf sem byggir á áratuga reynslu og þekkingu. Mannvit vinnur náið með iðnfyrirtækjum, sveitarfélögum, verktökum, tæknifyrirtækjum, fjárfestum, sjávarútvegs-, nýsköpunar- og orkufyrirtækjum.

**Mannvit** er með yfir 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**



Mannvit hf. | Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | s: 422 3000 | www.mannvit.is







*Í júní flytja Barnaheill – Save the Children á Íslandi skrifstofur sínar að Háaleitis-braut 11-13. Samtökin munu deila annarri hæð hússins með Sjónarhóli, Félagi áhugafólks um Downs heilkennið og CP félaginu. Í húsinu starfa einnig Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Þroskahjálp, Umhyggja, ADHD samtökin, Einstök börn og Einhverfusamtökin.*

*Frá árinu 2005 hafa Barnaheill rekið starfsemi sína að Suðurlandsbraut 24. SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, hafa deilt skrifstofu með Barnaheillum um árabil og flytja einnig á Háaleitisbraut.*





# ÞAÐ ÞARF ÞJÓÐ TIL AÐ VERNDA BARN Á NETINU

Í vetur hefur mikil umræða verið í samfélaginu um orðræðu á netinu. Við erum minnt á að það sem einu sinni fer á netið er hægt að grafa upp aftur. Menn geta þurft að mæta fortíð sinni og svara fyrir orðræðu sem er geymd en ekki gleymd.

Börnin okkar alast upp sem netverjar. Það fennir síður yfir bernskubrek þeirra en okkar sem vorum börn fyrir tíma netsins. Sár vegna illra ummæla eða myndefnis, sem birt er af þeim, er einnig erfiðara að græða því að sífellt er hægt að ýfa þau og opna. Netið hefur orðið vettvangur eineltis og ofbeldis og börn eru bæði gerendur og þolendur.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi; líkamlegu, andlegu sem kynferðislegu og gegn vanrækslu. Þau eiga líka rétt á umhyggju, leiðsögn og stuðningi. Þótt foreldrar beri höfuðábyrgð á uppeldi og vernd barna sinna, verðum við öll sem samfélag að leggja hönd á plóg í því efni.

Á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt eða beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Kynferðislegt tal við börn, myndataka og myndbirting, sem sýnir barn á kynferðislegan hátt, er ofbeldi gegn barninu. Það er afar mikilvægt að allir viti um rétt barna á vernd gegn slíku.

*Netið hefur orðið vettvangur eineltis og ofbeldis og börn eru bæði gerendur og þolendur.*

Barnaheill- Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn ofbeldi á neti, ekki síst vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Safer Internet Action Plan, samstarfsáætlun Evrópusambandsins hefur styrkt verkefnið og er aðili að SAFT. Á barnaheill.is, er ábendingahnappur þar sem hægt er að tilkynna um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á neti. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum erlendis svo að nokkuð sé nefnt.

Ábendingarnar eru rannsakaðar hjá lögreglu og reynt er að tryggja að netsíðunum sé lokað sem fyrst. Framan af var lítið um ábendingar um íslenskt efni eða vefsíður sem voru vistaðar hér á landi en þeim hefur fjölgað undanfarin ár. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni eða tali um íslensk börn og unglinga. Einnig hefur fjölgað ábendingum um efni á samfélagsmiðlum.

Tækninni fleygir stöðugt fram. Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og uppræta efni sem þangað ratar, er við ramman reip að draga. Tækninni fleygir stöðugt fram og stöðugt koma fram nýjar leiðir til samskipta og dreifingar á efni. Börn og unglingar eru gjarnan fremri foreldrum sínum í að tileinka sér nýja tækni og tæki. Orð eins og Yevvo, Snapchat, Xdating, Randimg.me og Talk2.me eru mörgum þeirra kunnugleg en flest fullorðna fólkið þekkir einungis Facebook og sumt Instagram og Twitter. Þeir, sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Enn er mjög erfitt að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin fram að þessu er að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum en einnig með því að styrkja þær stoðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra.

Það er sama hver tæknin og tækin eru því að forvarnirnar snúast alltaf um það sama; að styrkja sjálfsmynd barnanna og kenna þeim að setja sér og umhverfi sínu mörk. Munum samt að það barn, sem beitt er ofbeldi á neti ber þó enga ábyrgð á ofbeldinu, ábyrgðin er alltaf ofbeldismannsins.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**




KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

*Samstarf við heilsugæslu og ferðaiðnað um vernd barna gegn kynferðisofbeldi á ferðamannastöðum*

# SEX TOURISM

Undanfarin ár hefur orðið vitundarvakning meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu um mikilvægi þess að stemma stigu við að ferðamenn beiti börn kynferðisofbeldi gegn gjaldi í ferðum sínum erlendis.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðila í ferðaþjónustu til að vekja fólk til vitundar um málefnið. Barnaheill hafa í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins látið útbúa póstkort sem dreift er til ferðamanna sem leita til heilsugæslunnar vegna fyrirhugaðra ferðalaga. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir ferðamenn og tilkynna ferðaskrifstofunni, fararstjóra eða lögreglu ef þeir hafa grun um að barn sé beitt kynferðisofbeldi. Þannig leggi þeir sitt af mörkum til að vernda barnið gegn ofbeldinu og koma því til hjálpar. Samtökin hafa jafnframt látið setja upp veggspjald í Leifsstöð með hvatningu til ferðamanna og samstarf við ferðaskrifstofur er fyrirhugað.




Börnum, sem orðið hafa fórnarlömb mansals í kynferðislegum tilgangi, hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast ein til tvær milljónir barna út í vændi á ári eða eru beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Þegar fullorðið fólk á kynferðislegt samband við barn telst það alltaf kynferðisofbeldi gegn barninu. Hinn fullorðni getur ekki réttlætt ofbeldið með menningarmun, samþykki barnsins eða að barnið hafi haft frumkvæði af samskiptunum.

Samkvæmt íslenskum lögum geta þeir, sem verða uppvísir að kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi, orðið dæmdir fyrir það hér á landi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram.

Þeir sem beita börnin ofbeldi eru oftast ferðamenn frá Evrópu, Bandaríkjunum og Japan en einnig menn í viðskiptaferðum, farandverkamenn, hermenn, diplómatar svo að dæmi séu nefnd. Þessir aðilar nýta sér neyð barnanna og ferðast gjarnan í þeim tilgangi að beita börn kynferðisofbeldi. Þessi börn búa yfirleitt við fátækt og erfiðar aðstæður og eiga ekki sök á þeim aðstæðum og því ofbeldi sem þau verða fyrir. Ofbeldið er oft myndað og dreift á netinu. Þannig er ofbeldið endurtekið í hvert sinn sem myndefnið er skoðað.

Afleiðingar ofbeldisins eru mjög alvarlegar. Börnin þurfa að takast á við tilfinningalegan, andlegan og líkamlegan skaða af völdum ofbeldisins. Það er gríðarleg hætta á kynsjúkdómum (þ.á m. HIV/AIDS) og á að stúlkubörn verði þunguð. Börnin verða gjarnan félagslega einangruð og háð eiturlyfjum. Þau fá yfirleitt litla aðstoð, þar sem heimalönd þeirra eru ekki í stakk búin til að veita slíka aðstoð Í flestum tilvikum er um afar fátæk ríki að ræða,með fáliðaða lögreglu og vanmáttuga félagsþjónustu. Þau sitja þó uppi með afleiðingar ofbeldis sem fólk frá mun efnaðri löndum, s.s. löndum Vestur- Evrópu, framdi. Brýnt er að hinar efnuðu þjóðir axli ábyrgð sína og gangi til liðs við aðrar þjóðir heims um að stöðva ofbeldið, vernda börnin og veita þeim aðstoð. Nauðsynlegt er að allir geri sér grein fyrir því að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll heimsins börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi eða þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi. Börn yngri en 18 ára eru öll skilgreind sem börn í lagalegum skilningi..

Fjöldi erlendra ferðaþjónustufyrirtækja hefur, í samstarfi við frjáls félagasamtök á borð við Save the Children, gert og undirritað siðareglur um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun í ferðaþjónustu. Þar með hafa þau lofað að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir slíkt athæfi.

Á www.barnaheill.is er ábendingarhnappur þar sem hægt er að tilkynna um óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu. Þar er jafnframt hægt að tilkynna um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis.

Ýmis frjáls félagasamtök eins og Barnaheill - Save the Children eiga samstarf við ECPAT (End Child Prostitution, Child Pornography and Trafficking of Children for Sexual Purposes), sem eru frjáls félagasamtök og hafa það að markmiði að binda enda á kynferðislega misnotkun barna í atvinnuskyni.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**

Arion banki

Alþýðusamband Íslands

Eirberg

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Góa
Stofnað 1968

www.andrea.is

BBA

BLUE LAGOON
ICELAND

BRAMMER
www.brammer.is

HB GRANDI

DEKKVERK
578-7474
www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10 - 19
Lyngás 20, Garðabæ
Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

HS ORKA HF

TELEDYNE GAVIA ehf.
Everywhereyoulook™

ICELANDIC

ISNIC

icelandic
FISH & CHIPS
organic bistro

init

SPORTER

ÍSLENSK VERÐBRÉF

HÓLMADRANGUR

KFC

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Landsvirkjun

keldan.is

KPMG

PIZZA ROYAL



# DAGUR BARNSINS



Síðasta sunnudag í maímánuði ár hvert er Dagur barnsins - opinber íslenskur dagur sem komið var á árið 2007 til heiðurs börnum. Frá árinu 2011 hafa Barnaheill efnt til viðburða þann dag eða birt auglýsingu til að minna á réttindi barna.

Á Degi barnsins árið 2011 voru rauðar blöðrur hafðar í fyrirrúmi. Fjölmörg börn fóru í ratleik um miðborgana, leikskólar tóku þátt í viðburðum og á Barnaspítala Hringsins og heilsugæslustöðvum fengu börn rauða blöðru. Sérsveit Hins hússins minntist með áhrifaríkum hætti á Austurvelli þeirra barna sem aldrei geta fagnað fimm ára afmæli sínu. Þingmenn gerðu hlé á störfum sínum og stigu út á Austurvöll þar sem þeir fylgdust með viðburðinum.

Árið 2012 var áhersla lögð á gleði og samveru í takti við 31. grein Barnasáttmálans sem fjallar um rétt til tómstunda, leikja og skemmtana. Þá efndu samtökin til viðburðar við Rósina, minnisvarða barna, í Laugardalnum. Þar var farið í leiki með 300 börnum úr grunnskólum í nágrenninu. Töframaðurinn Wally lék listir sínar og tónlistarmaðurinn Jón Jónsson spilaði og söng með krökkunum. Að því loknu fengu allir pizzu og ávaxtadrykk áður en þeir héldu aftur í skólann.

Árið 2013 var ákveðið að senda nýkjörnum þingheimi áskorun sem birt var í dagblöðum. Minnt var á mikilvægi þess að hafa rétttindi barna í heiðri hjá öllum þeim sem koma að umönnun og ákvörðunum sem varða börn.



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SALTKAUP EHF

SMÁRA TÍVOLÍ

míla
Lífæð samskipta

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG ÍSLANDS
NLFÍ

mentis cura

VHE
VÉLAVERKSTÆÐI

NA
NORÐURÁL

THE BODY SHOP ®

SYSTEMS One
www.onesystems.is

Domino's

LYFJA
- Lifið heil

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

MJÓLKURSAMSALAN

RE/MAX

TÖLVUMIÐLUN

PROMENS

Lýsing

vistor

SJÓVÁ

FATAHREINSUN KÓPAVOGS
Smiðjuvegi 11 • gul gata
Sími 554 2265

SAM
SAMTÖK AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI

SÆRAF EHF
Silfurgata 5, Ísafirði
Sími 450-6000

Virðing
Réttlæti
VR

*Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku um að móta það samfélag sem þau eiga aðild að.*

# VANTAR FRJÁLSAN TÍMA HJÁ MÖRGUM BÖRNUM

Arnór Gauti Jónsson er formaður ungmennaráðs Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Arnór er 21 árs og kynntist ráðinu í gegnum Dale Carnegie þar sem hann hefur verið aðstoðarmaður. Þar vinnur hann með krakka á ýmsum aldri og heyrir af ýmsu því sem drífur á daga þeirra. „Maður sér svo margt sem krakkarnir ganga í gegnum og hvað hefur áhrif á þau og þessar upplýsingar nýtast vel í starfi ungmennaráðsins.“

Helstu málefni ungmennaráðsins í vetur hafa snúið að forvörnum á ýmsum sviðum. Hvað skiptir máli fyrir börn og hvar þarf aðhald. Gauti segir eitt málefnanna vera hvað börn eru látin axla mikla ábyrgð snemma á lífsleiðinni og sum þeirra fari að vinna mjög fljótt.

„Mér finnst það áhyggjuefni hvað mörg börn fá lítinn tíma til að vera frjáls. Dagskráin er svo þétt. Eftir skóla taka viðskipulagðir viðburðir í formi tómstunda og íþrótta og þegar heim er komið er það heimalærdómurinn. Það er lítill tími fyrir annað og mér finnst vanta þennan frjálsa tíma þar sem börn fá að njóta sín sem krakkar. Börn eiga rétt á að vera börn og það finnst mér oft gleymast.“

Hlutverk ungmennaráðsins er meðal annars að vekja athygli á málefnum sem varða réttindi og stöðu barna. Í tilefni af 25 ára afmæli Barnasáttmálans næsta vetur vinnur ráðið nú að undirbúa og skipuleggja gjörning til að vekja athygli á þessum tímamótum. Unnið er með ungmennaráðum annarra samtaka og lögð áhersla á að minna á mikilvægi þess að rödd barna og ungmenna heyrist í íslensku samfélagi.



*Arnór Gauti Jónsson formaður ungmennaráðs Barnaheilla.*

Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til að taka þátt í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að.

**Viðtal og ljósmynd: Sigríður Guðlaugsdóttir**





Erna með meðlimum í mannréttindaklúbbi Ludel skólans í Pader.

# UPPBYGGINGAR- OG MENNTUNARSTARF Í NORÐUR-ÚGANDA

Frá árinu 2007 hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi staðið fyrir þróunarsamvinnuverkefnum í Norður-Úganda með stuðningi Utanríkisráðuneytisins. Verkefnin hafa að stærstum hluta verið unnin í gegnum 1.-7. bekk grunnskóla í Pader og Agago héruðum en þau urðu hvað verst úti í því stríðsástandi sem ríkti í norðurhluta landsins um árabil. Gífurleg fátækt er á þessum svæðum og lífsgæði af skornum skammti. Flestar fjölskyldur búa við mjög bágborin kjör, í strákofum án vatns og rafmagns. Ekki er óalgengt að konur eignist að meðaltali um níu börn.

Markmið verkefnanna hefur frá upphafi verið að bæta aðgengi og gæði kennslu en auk þess hefur fléttast inn í verkefnið önnur fræðsla og framkvæmdir, svo sem við hreinlætisaðstöðu og kennarabústaði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á heilbrigt, barnvænt og verndandi umhverfi og að auka möguleika ungra stúlkna á að haldast í skóla.

Í mars heimsótti undirrituð þrjá skóla sem Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa stutt í Pader og Agago og kynnti sér það sem hefur áunnist í þessum þróunarsamvinnuverkefnum. Með í för var svæðisstjóri Save the Children í Norður Úganda, Christine Lamunu.

Í heimsóknunum kom í ljós að stuðningur við skólana hefur haft margvísleg jákvæð áhrif. Aukin þátttaka stúlkna er sýnileg. Bætt námsumhverfi hefur gert það að verkum að fleiri börn sækja skóla og haldast í námi. Aðstoð og þjálfun kennara hefur haft jákvæð áhrif á kennsluna og námið. Þjálfun nemenda og kennara í réttindum barna og vernd gegn ofbeldi hefur gert það að verkum að börnin eru öruggari og meðvitaðri um réttindi sín og möguleika sína á að bæta samfélagið. Aukin þátttaka foreldra og stofnun foreldra- og kennarafélaga hefur einnig aukið meðvitund samfélagsins á því að börnin fái góða menntun í öruggu og heilbrigðu umhverfi. Það sem helst



Stúlknakennarinn við Lamiyo skólann sýnir margnota dömubindin sem hafa gjörbylt skólagöngu unglingsstúlkna.



*Hópur nemenda í stúlknaklúbbnum í Lamyio skólanum í Agago héraði.*

vakti athygli er að dregið hefur úr brottfallir úr námi og þá einkum og sér í lagi hjá ungum stúlkum. Minnkun brottfalls má einnig rekja til þess að skólamáltíðum var komið á í skólunum og þess að foreldrar voru fræddir um mikilvægi menntunar barna þeirra.

## GJÖRBYLTING FYRIR UNGLINGSSTÚLKUR

Gríðarlega mikið þakklæti og ánægja er með stuðning okkar í þessum verkefnum. Í Lamiyo skólanum tilkynnti skólastjórinn með stolti að í fyrsta sinn í sögu skólans stunduðu nú fleiri stúlkur en drengir nám í 7. bekk, elsta bekk skólans. Þeim árangri er fyrst og fremst þökkuð bætt hreinlætisaðstaða og þjálfun í gerð margnota dömubinda. Einn helsti áhrifavaldur á skólagöngu ungra stúlkna er sú staðreynd að þegar þær komast á kynþroskaaldur fara þær að missa úr skóla vegna blæðinga. Með stuðningi Barnaheilla voru stúlknakennarar í skólunum þjálfaðir í að útbúa margnota bindi sem þeir hafa svo kennt stúlkunum að framleiða. Í Lamiyo er starfandi stúlknaklúbbur sem saumar nú bindin og drengir í skólanum hafa einnig lært að sauma bindi fyrir stúlkurnar. Notkun þessara margnota binda hefur gjörbreytt aðstöðu þessara ungu stúlkna og þær geta nú stundað skólagöngu á meðan á blæðingum stendur. Það, ásamt uppbyggingu á hreinlætisaðstöðu fyrir stúlkurnar, er gríðarlega mikilvægur þáttur í minnkun á brottfalli stúlkna úr námi.

## RÉTTINDAFRÆÐSLA

Mikilvægur liður í stuðningi Barnaheilla í skólunum er mannréttindafræðsla í tengslum við Barnasáttmálann og í Ludel skólanum er starfræktur sérstakur mannréttindaklúbbur. Hlutverk klúbbmeðlima er meðal annars að sinna einskonar jafningjafræðslu um réttindi barna og vernd gegn ofbeldi. Eftirtektarvert var hversu vel að sér börnin voru um réttindi sín.

## SKÓLAMÁLTÍÐIR

Í heimsókn fulltrúa Barnaheilla - Save the Children til Norður Úganda 2010 kom fram að næringu barna í skólunum var mjög ábótavant. Í framhaldi af því sóttu samtökin um styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að koma á fót skólamáltíðum í skólunum fjórum.
Um leið og ákveðið var að ráðast í að bæta næringu barnanna, var rætt við foreldra og landeigendur um að gefa land til ræktunar. Í samfélaginu fór fram fræðsla um mikilvægi máltíða um miðjan dag. Í kjölfarið varð mikil vitundarvakning á svæðinu sem gerði það að verkum að foreldrar barna í þremur af fjórum skólum gáfu ræktunarland. Foreldrarnir vinna einnig að undirbúningi jarðvegs, plægja og sjá um uxana sem notaðir eru til verksins. Þeir voru einnig hvattir til að gefa baunir og maís þar til ræktunin skilaði uppskeru.

Í Odom skólanum er starfræktur heilsuklúbbur. Hlutverk meðlima klúbbsins er að fræðast um næringu og heilbrigði en einnig að sjá um að halda skólalóðinni og húsnæði skólans hreinu. Þar er einnig starfrækt skólamáltíðanefnd en í henni sitja fulltrúar foreldra, nemenda og kennara. Fram kom hversu mikilvægar skólamáltíðirnar eru í skólanum en erfitt hefur reynst að viðhalda þeim meðal annars vegna þess hve jarðvegurinn á þessu svæði er gljúpur.

Það er ljóst að þróunarsamvinnuverkefni Barnaheilla - Save the Children á Íslandi í Norður Úganda hefur haft gríðarleg áhrif á skólagöngu barna. Sem dæmi má nefna að nemendum í Odom grunnskólanum hefur fjölgað um meira en 100% frá árinu 2010. Séu nemendafjöldi allra skólanna tekinn saman hefur fjölgun nemenda orðið 70%.

Verkefninu sem hófst árið 2010 er nú formlega lokið. Barnaheill fengu styrk frá Utanríkisráðuneytinu í lok síðasta árs til að framkvæma óháða úttekt á verkefninu og hrinda af stað svokallaðri útgönguáætlun til eins árs. Þegar þetta er skrifað er beðið niðurstöðu úttektarinnar. Ljóst er að mikið hefur unnist á þeim tíma sem samtökin hafa stutt við skólana fjóra en einnig er ljóst að enn eru gríðarlega mörg tækifæri til að efla menntunarstarf á svæðinu. Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa mikinn áhuga á áframhaldandi stuðningi og að bæta menntun barna. Samtökin stefna á að auka starfsemi sína í Norður Úganda á næstu misserum. Þau áform verða einungis að veruleika með stuðningi almennings en ég vil nota tækifærið og þakka stuðningsaðilum okkar og Heillavinum fyrir þeirra þátt í að bæta menntun barna í Norður Úganda.

**Erna Reynisdóttir**



*Stúlkur við Lamiyo skólann í Agago héraði í Norður-Úganda*

# ÁHEIT RUNNU TIL BARNAHEILLA

Hjólreiðakeppnin WOW Cyclothon var haldin í annað sinn á síðasta ári og nutu Barnaheill – Save the Children á Íslandi góðs af áheitum sem söfnuðust í keppninni. Alls tóku 25 lið þátt í keppninni, þar af þrjú erlend lið og hjóluðu með boðsveitarformi hringinn í kringum landið. Alls söfnuðust 4,2 milljónir sem runnu í verkefnið Hreyfing og heilbrigði, sem byggist á ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aðalmarkmið þess er að auka vægi hreyfingar hjá íslenskum börnum og efla þannig bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði sem og að stuðla að almennum heilsufarslegum forvörnum.















*Lögfestingin er mikilsverð yfirlýsing af hálfu Alþingis um mikilvægi Barnasáttmálans og um að íslensk stjórnvöld vilja og ætla að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öllum börnum hér á landi þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum.*

# BARNASÁTT-MÁLINN ER LÍKA 25 ÁRA Í ÁR

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var formlega samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1989 og fagnar því 25 ára afmæli í haust.*

Sáttmálinn var lögfestur hér á landi 13. mars árið 2013. Lögfestingin er mikilsverð yfirlýsing af hálfu Alþingis um mikilvægi Barnasáttmálans og um að íslensk stjórnvöld vilja og ætla að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öllum börnum hér á landi þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Ákvæði Barnasáttmálans gilda nú sem almenn lög og hægt er að beita þeim fyrir dómstólum á sama hátt og öðrum lögum. Þetta er því mikil réttarbót fyrir börn hér á landi.

Barnasáttmálinn hefur að geyma borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem aðildarríki hans skulu virða og tryggja öllum börnum jafnt og án mismununar af nokkru tagi. Sem dæmi um mikilvæg mannréttindi sem Barnasáttmálinn verndar má nefna rétt barna til lífs, til verndar gegn ofbeldi, til þátttöku og rétt til að láta rödd sína heyrast, rétt til menntunar og bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu og réttinn til að þekkja foreldra sína og og njóta umönnunar þeirra.

Saga Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er samofin tilurð og tilveru Barnasáttmálans. Samtökin hafa frá stofnun haft sáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og hvatt stjórnvöld og landsmenn alla til að virða réttindi þau sem hann kveður á um, öllum börnum til handa. Stofnandi Save the Children, Eglantyne Jebb, samdi stefnuyfirlýsingu samtakanna árið 1921, sem var fyrsta almenna yfirlýsingin um réttindi barna og lagði grunn að Barnasáttmálanum eins og við nú þekkjum hann.

Barnaheill fagna lögfestingu Barnasáttmálans hér á landi og hvetja íslensk stjórnvöld og alla Íslendinga til að haga öllum ráðstöfunum gagnvart börnum í samræmi við hann.

**Þóra Jónsdóttir**

**GLÆÐIR**
**-áburðarvökvi úr klóþangi!**

**GLÆÐIR** er mjög næringarríkur áburðarvökvi sem hentar til notkunar á **grasflatir, íþrótta- og golfvelli, tré, runna, úti- og inniplöntur, kartöflur og flestan annan gróður**. GLÆÐIR er seldur í 1, 5, 10, og 20 lítra brúsum, 120 lítra tunnu og 1000 lítra tanki.

Nánari upplýsingar um efnið og notkun þess fást hjá útsöluaðilum




**Glæðir er seldur í blómabúðum**

Framleiðandi Guðjón D. Gunnarsson Reykhólum.
S: 434 7785 og 866 9386

PROMENS

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Reykjavíkurborg







# JÓLAPEYSAN ER NÝTT FJÁRÖFLUNARÁTAK

Fyrir síðustu jól hleyptu Barnaheill - Save the Children á Íslandi - af stokkunum nýstárlegu og skemmtilegu fjáröflunarátaki sem nefnist Jólapeysan. Átakið er að fyrirmynd bresku systrasamtakanna og snýst um að safna áheitum út á jólapeysuna sína.

„Í Bretlandi skipar jólapeysan auðvitað sinn sess í menningunni og er komin aftur í tísku eftir áralanga tískuútlegð. Hér á landi áttu hins vegar fáir jólapeysur áður en við fórum af stað en það var ákaflega ánægjulegt að sjá það breytast á örskömmum tíma enda tilvalið að lífga upp á tilveruna með jólapeysum," segir Sigríður Guðlaugsdóttir, kynningarstjóri Barnaheilla.

Ragnheiður Eiríksdóttir, stofnandi Knitting Iceland, hannaði og prjónaði jólapeysu sem Jón Gnarr klæddist á auglýsingum átaksins. Uppskrift að peysunni var seld í helstu lopasöluverslunum um land allt. Á áheitavefnum jolapeysan.is var einnig að finna prjónauppskriftir af jólapeysum ásamt hugmyndum að því hvernig útbúa mætti sínar eigin peysur með jólaskrauti. Þar var einnig að finna hugmyndir að jólapeysupartýum, lista yfir jólalög og ýmislegt annað efni, bæði handa börnum og fullorðnum.

Átakið vakti mikla athygli en auk þess að safna áheitum gat fólk tekið þátt í jólapeysukeppni á netinu. Dómnefnd valdi bestu peysurnar í fimm flokkum, mestu glamúrpeysuna, nördapeysuna, frumlegustu jólapeysuna, þá ljótustu og auðvitað fallegustu jólapeysuna árið 2013. Verðlaunin voru svo afhent í Hörpu undir lok átaksins.

Jón Gnarr, borgarstjóri, lagði átakinu lið sem og plötusnúðurinn DJ Margeir sem einnig útbjó lista yfir jólalög og Anna Svava Knútsdóttir, leikkona sem var andlit söfnunarinnar í auglýsingum.

„Það er virkilega gaman að geta boðið upp á skemmtun um leið og óskað er eftir stuðningi við verkefni Barnaheilla," segir Sigríður og hvetur alla til að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín og taka þátt í átakinu fyrir næstu jól.



*Verðlaunapeysurnar í Hörpu. Frá vinstri Bryndís Björk Árnadóttir í bestu nördapeysunni, Soffía Steingrímsdóttir í glamúrpeysu, Gallerý Gimli var með fallegustu peysuna, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir í flokknum besta glamúpeysan og Unnur Steinsson og Helga Sóley Ásgeirsdóttir í flokknum frumlegasta peysan.*



*Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi, var uppboðsstjóri á tveimur jólapeysum sem starfsfólk og heimilisfólk Hrafnistu prjónaði til styrktar átakinu.*



*Dómnefndina skipuðu Ylfa Úlfsdóttir Grönvold, fatahönnuður, Pacas Inacio, Andri Snær Egilsson, Berglind Egilsdóttir og Beggi (Guðbergur Garðarsson) var formaður dómnefndar, auk Ernu Reynisdóttur framkvæmdastjóra Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.*



*Anna Lóa Ólafsdóttir, stofnandi Hamingjuhornsins, safnaði flestum áheitum á jolapeysan.is. Hún bakaði Sörur sem hún lofaði þeim sem héti mestu á hana. Jón Axel Ólafsson, bókaútgefandi með meiru, bauð hæst og fékk Sörurnar afhentar skömmu fyrir jól.*



*JólYnjur í ristjórn Kvennablaðsins báru sigur úr bítum í flokknum Besta glamúrpeysan. Soffía Steingrímsdóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir tóku við verðlaunum af Guðbergi Garðarsyni.*



*Ragnheiður Eiríksdóttir, stofnandi Knitting Iceland, hjálpaði Jóni Gnarr borgarstjóra að fitja upp.*



*Nýtt!*

# BOSSAKREM Í ÚÐAFORMI

*Hreinlegt, fljótlegt og árangursríkt*

*„Ótrúlega fljótlegt og þægilegt og virkar mjög vel. Líka mun hreinlegra þar sem ekki þarf að smyrja kremi á húð barnsins og ýfa þar með upp sár og roða.*

*Ég mæli eindregið með Zinkspray fyrir dagforeldra og foreldra sem vilja einfalda bleyjuskiptin fyrir sig og börnin."*

Sveindís Ýr Sigríðar Sveinsdóttir
Dagforeldri




ÁN ILMEFNA, PARABENA OG ROTVARNAREFNA

**Zinkspray baby** er úðað á húð barnsins þar sem það þornar hratt og myndar verndandi filmu. Það inniheldur sinkoxíð og fleiri húðverndandi efni sem í sameiningu vernda, næra og sefa viðkvæma húð barnsins.

- *Fljótlegt og þægilegt í notkun*
- *Ekki þarf að snerta viðkvæm svæði*
- *Minni hætta á sýklamengun*
- *Ekkert kremsmit á fingrum*

www.portfarma.is

Fæst í apótekum